



ÞJÓRSÁRDALUR

Rammaskipulag fyrir útivist og ferðapjónustu



STEINSHOLT

30. apríl 2013




STEINSHOLT

Dags: 30. apríl 2013

Titill:	ÞJÓRSÁRDALUR – Rammaskipulag fyrir útivist og ferðapjónustu
Verk nr.:	SS104
Verkefnisstjóri:	Gísli Gíslason
Skipulagsráðgjafi:	Steinsholt sf Gísli Gíslason, Ingibjörg Sveinsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir
Stýrihópur:	Gunnar Örn Marteinsson, Sigrún Bjarnadóttir, Eyþór Brynjólfsson, Jóhannes Sigurðsson og Kristófer Tómasson.
Unnið fyrir:	Skeiða- og Gnúpverjahrepp
Forsíðumynd:	Háifoss
Undirskrift verkefnisstjóra:	

Rammaskipulag fyrir útivist og samgöngur í Þjórsárdal var staðfest
af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 3. september 2014

f.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps

A handwritten signature in blue ink, reading "Róbert Þórhallsson", is written over a horizontal line. The signature is enclosed in a light gray rectangular box.

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	3
1.1	Markmið fyrir Þjórsárdal	3
1.2	Verkefnið	4
1.3	Kortagrunnar og uppdrættir	4
1.4	Kynning rammaskipulags	4
2	FORSENDUR	6
2.1	Jarðfræði	6
2.2	Gróðurfar	7
2.2.1	Skógrækt	7
2.2.2	Landgræðsla	9
2.3	Þjóðlendur	9
2.4	Gildandi aðalskipulag	10
2.4.1	Opin svæði til sérstakra nota	10
2.4.2	Efnistöku- og iðnaðarsvæði	11
2.5	Menningarminjar	13
2.5.1	Þjóðminjaverndarsvæði	13
2.5.2	Fornleifarannsóknir í Þjórsárdal	13
2.5.3	Fornar þjóðleiðir	17
2.6	Verndarsvæði	18
2.6.1	Náttúruverndarsvæði	18
2.6.2	Hverfisverndarsvæði	19
2.7	Ferðapjónusta	19
2.7.1	Núverandi þjónustusvæði	19
2.7.2	Áhugaverðir staðir	20
3	UMHVERFISSKÝRSLA	22
3.1	Umhverfismat rammskipulags	22
3.1.1	Umhverfisþættir og viðmið	22
3.1.1	Skilgreining á vægi áhrifa	23
3.2	Tengsl við áætlanir	24
3.3	Uppbygging í Þjórsárdal	25
3.3.1	Þjónustu-/upplýsingamiðstöð	25
3.3.2	Þjónustu-/upplýsingamiðstöð í Sandártungu	27
3.3.3	Göngubrú yfir Fossá við Hrunið	28
3.3.4	Endurbætur á leiðinni milli Reykhólts og Stangar	29
3.3.5	Göngu-, hesta-, og reiðhjólalabrá yfir Þjórsá við Þjófafoss	30
3.3.6	Stækkun hverfisverndarsvæðis	31
3.3.7	Heilsulind í Reykholti	32
4	STEFNUMÖRKUN - TILLÖGUR AÐ UPPBYGGINGU	33
4.1	Þjónustusvæði ferðamanna	33
4.2	Samgöngur	34
4.2.1	Vegir og slóðar	34
4.2.2	Brýr fyrir göngu-, hesta-, og reiðhjólafólk	35
4.2.3	Gönguleiðir	35
4.2.4	Reiðleiðir	42
4.2.5	Reiðhjólaleiðir	44
4.3	Verndarsvæði	45
4.3.1	Hverfisvernd	45

4.3.2	Fornminjar	45
5	ÁHRIF Á GILDANDI SKIPULAG	46
6	SAMANTEKT.....	47
7	HEIMILDIR.....	48

1 INNGANGUR

Ferðamönnum fer stöðugt fjölgandi í Þjórsárdal og því hefur reynst þörf á að skapa fleiri möguleika til útivistar og dægradvalar á svæðinu. Helstu útvistarsvæði í sveitarfélaginu eru í tengslum við þéttbýliskjarna og í Þjórsárdal. Ýmis einkenni og forsendur á svæðinu geta skapað afar áhugverðan grunn fyrir frekari þróun á þessu sviði.

Í aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps er Þjórsárdalur skilgreindur sem opið svæði til sérstakra nota. Hluti Þjórsárdals er á náttúruminjaskrá og er sá hluti einnig skilgreindur sem hverfisverndarsvæði. Í aðalskipulagi sveitarfélagsins er gert ráð fyrir að nánari stefna fyrir Þjórsárdal skuli mörkuð í deiliskipulagi.

Í stað þess að vinna deiliskipulag fyrir allan Þjórsárdal ákvað sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps, í samráði við skipulagsráðgjafa hjá Steinsholti sf, að vinna rammaskipulag fyrir afmarkaða þætti í Þjórsárdal og setja fram áætlun um þau svæði sem þarf að deiliskipuleggja. Rammaskipulagið er stefnumörkun sveitarstjórnar um áherslur á sviði ferðaþjónustu, útivistar og samgangna og nær yfir um 224 km² svæði.

Helstu þættir sem rammaskipulagið tekur til eru þessir:

- **Ferðaþjónustustaðir.** Skilgreint er hvar þörf sé á að byggja upp þjónustu fyrir ferðamenn, umfang og aðstaða. Unnin er forsögn eða lýsing fyrir hvern stað fyrir sig sem setur ramma fyrir gerð deiliskipulags.
- **Gönguleiðir, reiðleiðir og reiðhjólaleiðir** eru kortlagðar og geta þannig nýst til frekari uppbyggingar ferðaþjónustu á svæðinu. Þessar leiðir koma til með að tengjast náttúru, sögu og menningu Þjórsárdals. Á síðari stigum verður hægt að merkja og stika leiðirnar.
- **Sögu- og fornminjar.** Gömul býli í Þjórsárdal eru kortlögð og gerðar tillögur um hvort og/eða hvernig áhugavert sé að nýta þau í þágu ferðamennsku. Reiðstíga- og gönguleiðakerfi eru eftir atvikum tengd þessum gömlu minjum.

Þessi greinargerð skiptist í sex meginkafla; Inngang, Forsendur, Umhverfisskýrslu, Stefnumörkun, Áhrif á gildandi skipulag og Samantekt. Í Inngangi greinargerðarinnar er markmiði með henni og vinnuferlinu gerð skil. Í kaflanum Forsendur er samantekt á umhverfispáttum - jarðfræði og gróðurfari Þjórsárdals, útskýrt að hve miklu leyti svæðið telst þjóðlenda og farið yfir helstu þætti í gildandi aðalskipulagi. Þá er samantekt á menningarminjum og verndarsvæðum í Þjórsárdal, auk samantektar um núverandi ferðaþjónustu. Í Umhverfisskýrslu eru mismunandi valkostir, er varða þróun ferðaþjónustu og útivistarmöguleika, metnir og greint frá líklegum umhverfisáhrifum þeirra miðað við núverandi ástand. Stefnumótun gefur yfirlit yfir þá uppbyggingu ferðaþjónustu sem er æskilegt að komi til framkvæmda og byggir stefnumótunin á umhverfisskýrslunni. Áhrif á gildandi skipulag greinir frá helstu frávikum frá gildandi aðalskipulagi. Að lokum er stutt samantekt og heimildaskrá.

1.1 MARKMIÐ FYRIR ÞJÓRSÁRDAL

Helstu markmið með rammaskipulaginu eru að skilgreina fjölbreyttar göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir og um leið að tengja þær svæðisbundnum menningarverðmætum.

- **Fjölga möguleikum íbúa og gesta til útivistar í sínu nærumhverfi.**
- **Gera fornar þjóðleiðir aðgengilegar sem göngu- og reiðleiðir og um leið að stuðla að varðveislu menningarminja.**
- **Að efla sóknarmöguleika og atvinnutækifæri ferðaþjónustu á svæðinu og þá einkum menningarartengdrar ferðaþjónustu.**
- **Stuðla að því að ferðamenn dvelji lengur á svæðinu með því að bæta gistimöguleika.**
- **Draga úr álagi, vegna ferðamennsku, á viðkvæmum svæðum með því að bjóða upp á fjölbreytta útivistarmöguleika.**
- **Stuðla að bættum merkingum til að koma í veg fyrir utanvegaakstur. Vegir og slóðar að þjónustusvæðum og ferðamannastöðum verði vel merktir, greiðfærir og stikaðir, ef með þarf.**

1.2 VERKEFNIÐ

Verkefnið hófst snemma vors 2012 og lauk sumarið 2013. Byrjað var á að funda í Árnesi 20. mars 2012 með Gunnari Erni Marteinessyni frá Steinsholti, Sigrúnu Bjarnadóttur frá Fossnesi, Eyþóri Brynjólfssyni frá Hamragerði og Jóhannesi Sigurðssyni frá Ásólfstöðum. Þessir fjórir einstaklingar skipa stýrihóp verkefnisins, fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp, ásamt Kristófer Tómassyni, sveitarstjóra.

Íbúafundur var haldinn í Árnesi 7. maí 2012 þar sem mættu ríflega 20 manns.

Vettvangsferð var farin um Þjórsárdal með Hreini Óskarssyni og Jóhannesi Sigurðssyni frá Skógræktinni, 25. maí 2012.

Fundur var með stýrihópi 18. júní 2012, þar sem farið var yfir framvindu verkefnisins og hugmyndir ræddar.

Fundur var með stýrihópi 18. september 2012 þar sem farið var yfir umhverfisskýrslu og hugmyndir ræddar. Stýrihópi var falið að yfirfara tillögur að göngu- og reiðleiðum.

Vettvangsferð með stýrihópi var farin 12. desember 2012 þar sem farið var vítt og breytt um svæðið og þær nýju hugmyndir sem fram höfðu komið voru ræddar.

Rammaskipulagið var kynnt fyrir sveitarstjórn 5. febrúar 2013. Þar var ákveðið að halda fund með áhugafólki um gönguleiðir og einnig að halda kynningarfund fyrir íbúa.

Fundað var með stýrihópi og áhugafólki um gönguleiðir 26. febrúar 2013. Þar var einnig farið lítillega yfir reiðleiðir.

Íbúafundur var haldinn þann 23. apríl 2013 þar sem niðurstaða rammaskipulagsins var kynnt almenníngi.

Samráð

Haft var samráð við ýmsa aðila sem á einn eða annan hátt tengjast þeim þáttum sem rammaskipulagið tekur til. Þessir aðilar eru:

1. **Íbúar og landeigendur.** Haft var samráð við íbúa á svæðinu til að fá hugmyndir frá þeim um uppbyggingu og aðstöðu í Þjórsárdal, einnig göngu- og reiðleiðir.
2. **Áhugafólk, félagasamtök** þ.m.t. hestamannafélög, ferðapjónustuaðilar o.fl. Samstarf var við þessa aðila um hugmyndir að leiðum og fróðleik um svæðið.
3. **Fornleifavernd ríkisins,** Suðurlandsdeild var í samráði vagna hugmynda um að gera fornleifar sýnilegar og nýta þær í þágu ferðapjónustu en jafnframt að tryggja varðveislu þeirra.
4. **Landgræðsla ríkisins.** Hluti svæðisins er innan landgræðslusvæðis.
5. **Aðilar frá verkefninu Hekluskógar** komu að verkefninu þar sem áhrifasvæði Hekluskóga nær yfir hluta Þjórsárdals.
6. **Skógrækt ríkisins** hefur stikað og merkt gönguleiðir um skógræktarsvæðið í Þjórsárdal og var því samráðsaðili í verkefninu.

1.3 KORTAGRUNNAR OG UPPDRÆTTIR

Uppdrættir eru unnir á stafræna kortagrunna og voru loftmyndir frá Loftmyndum ehf notaðar. Grunn gögn eru IS50v frá Landmælingum Íslands. Kortagrunnar eru í hnitakerfinu ISN93.

Auk aðaluppdráttar er rammaskipulagið sett fram á nokkrum skýringaruppdráttum til þess að skýra forsendur og helstu þætti skipulagsins. Helstu uppdrættir eru eftirfarandi:

- *Yfirlitsuppdráttur Rammaskipulags, mkv. 1:40.000.*
- *Deiliuppdráttur Rammaskipulags, mkv. 1:10.000, sem nær til Skriðufells/Sandártungu.*
- *Skýringaruppdrættir í greinargerð.*

1.4 KYNNING RAMMASKIPULAGS


Drög að rammaskipulagi voru kynnt fyrir sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps 5. febrúar 2013. Rammaskipulagið var kynnt fyrir almenningi á íbúafundi sem haldinn var í Árnesi 23. apríl 2013. Í

kjölfarið var það sent til umsagnar og auglýst eftir athugasemdum frá almenningi. Loks var Rammaskipulagið samþykkt í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

2 FORSENDUR

Eftir stutta kynningu á verkefninu í inngangskafli þá er í þessum kafla fjallað um náttúrufar Þjórsárdals, þjóðlendur, gildandi aðalskipulag á svæðinu, menningarminjar og verndarsvæði ásamt núverandi ferðaþjónustu í dalnum.

Þjórsárdalur er austasti dalur Árnessýslu og skiptist í tvo dalbotna um Rauðukamba. Fossá rennur í austari dalbotninum og Bergólfsstaðaá (framar Sandá) í hinum vestari, en Þjórsá lokar dalnum að sunnanverðu. Háifoss, þriðji hæsti foss landsins, fellur innst í dalnum í Fossá. Innst í báðum dölum er Fossalda, en austan við Fossá er Stangarfell. Næsta fjall til suðausturs er Skeljafell, þar næst Sámstaðamúli og loks Búrfell. Vestan við Fossöldu eru Flóamannafjöll, næst Dímon, Selhöfði, svo Skriðufell og Ásólfstaðafjall. Undir Hagafjalli eru höfðarnir Bringa og Gaukshöfði. Oft er talað um að Þjórsárdalur opnist við Gaukshöfða.



Mynd 1. Svæðið sem rammaskipulag fyrir Þjórsárdal nær yfir.

2.1 JARÐFRÆÐI

Niður eftir svokölluðu Hafi, niður Gjána og yfir eystri hluta Þjórsárdals rann hraun sem kennt er við Tungna-árhraun, fyrir um 8000 árum. Þegar kom niður á láglendi Þjórsárdals rann hraunið yfir votlendi eða grunnt vatn. Hraunið hefur þar sprungið upp í gervígiga sem setja mikinn svip á dalinn. Hraunið rann fram með Reykholti og Dímoni og allt fram í mynni dalsins við Ásólfstaði (Ágúst Guðmundsson 1996).



Mynd 2. Gervígigar í Þjórsárdal.

Í Dímon má sjá lagskipt hraunlög sem hafa risið upp á endann. Er talið að það hafi gerst þegar hluti af barmi sigketils sem myndaðist í megineldstöð hafi sporðreist. Talið er að þessi megineldstöð hafi verið virk fyrir um tveimur milljónum ára. Í Dímon eru einnig svokallaðir kubbabergsklettir sem eru taldir hafa myndast við gos þegar hraun rann út í vatn í ofangreindum sigkatli. Jarðmyndanir í Vegghamri eru áþekkar og í Dímon. Í dalbotninum eru keilugangar í litríku móberginu en slíkir gangar eru algengir nálægt miðju megineldstöðva (Ágúst Guðmundsson 1996).

Rauðukambar og Reykholt skipta innanverðum dalnum nánast í tvennt. Hlíðin frá Rauðukömbum inn að Háafossi er afar litskrúðug og stafar liturinn af ummynduðu móbergi sem jarðgufur hafa felld út en jarðhiti er í Reykholtshver við suðurenda Rauðukamba. Í Rauðukömbum er einnig líparít (Ágúst Guðmundsson 1996).

Heklugosið árið 1104 lagði stór landsvæði í auðn, sérstaklega í Þjórsárdal, því gríðarleg gjóska dreifðist norður yfir landið í þessu næstmesta gosi sinnar tegundar á sögulegum tíma á Íslandi. Gjóska náði að þekja meira en helming landsins, veturinn 1105 var þess vegna kallaður Sandfallsvetur.


2.2 GRÓÐURFAR

Talið er að mikill skógur hafi verið í Þjórsárdal við landnám. Þar sem byggð var þéttust í dalnum eyddust skógar vegna skógartekju. Í dag er gróðursælasta svæði Þjórsárdals í dalkróknum hjá Ásólfssstöðum og Skriðufelli, ásamt Búrfellsskógi. Í Gjánni og á Kjóaflöt er einnig gróðursælt. Í Gjánni er mikið hvannastóð í kringum uppsprettur, einnig margar tegundir mosa og grasa. Á söndunum við Þjórsá eru miklar lúpínubreiður og eins er farið að bera á birkikjarri þar.

Lengi hefur verið unnið að landgræðslu og skógrækt í Þjórsárdal og er árangur þess starfs góður. Örfoka landi hefur verið breytt í gróðurvin er skapar bæði skjól, bindur jarðveg, myndar lífrænan svörð og skapar skilyrði fyrir botngróður. Skógurinn miðlar vatni, bindur koltvísýring og er til yndisauka fyrir gesti og gangandi.

2.2.1 Skógrækt

Í mastersritgerð Friðþórs Sigurmundssonar kemur fram að „helmingur Þjórsárdals var vaxinn skóg- og kjarrlendi á seinni helmingi 16. aldar. Frá 1587-1938 dróst skóg- og kjarrlendi saman um 94%. Breytingar urðu mestar á tímabilinu 1587-1708, þegar skóg- og kjarrlendi dróst saman um 71%. Skógurinn var nýttur til eldiviðar, kolagerðar, kýrfóðurs, beitar og efniviðar til smíða. Fjöldi kolagrafa á svæðinu sýna að kolagerð var mikið stunduð í Þjórsárdal. Þessi landnýting hafði gríðarleg áhrif á skóg- og kjarrlendi dalsins, en að auki bættist við kólnandi veðurfar litlu ísaldar og gjóskufall vegna stórra eldgosa í Heklu. Beit var ekki ráðandi þáttur í hnignun skóg- og kjarrlendis í dalnum en hafa ber í huga að vetrarþéttun sem var ofnýtt hefur haft neikvæð áhrif á nýliðun skóganna. Eignarhald og skógarítök skiptu meginmáli varðandi nýtingu skóglendis og þar með afdrifum



Mynd 3. Græna svæðið afmarkar gervígiga skv. jarðfræðikorti.



Mynd 4. Skógrækt við Sandá í Þjórsárdal.


Þess. Skóg- og kjarrlendi í eigu kirkjuarða voru ofnýtt en þeir skógar sem voru í einkaeigu breytt-ust lítið og þar var að finna stærstu skógarleifar Þjórsárdals árið 1938.

Skógrækt ríkisins keypti jörðina Skriðufell í Þjórárdal árið 1938 og hluta úr jörðinni Ásólfstöðum árið 1962. Eftir friðun hafa birkiskógar breiðst út frá þeim 200 ha skógi sem var til staðar árið 1939 og yfir meira en 600 ha í dag. Gróðursett var innan um kjarrið í Þjórárdal fram undir 1990 en eftir það var farið að fíkra sig með gróðursetningu niður á sandana. Skógrækt á söndum Þjórárdals er nú hluti Hekluskógaverkefnisins. Hugmyndin með Hekluskógaverkefninu er að endurheimta birkiskóga og víðikjarr í nágrenni Gjósugosa úr eldfjallinu og verja þar með land í náttúruvernd.

Frá árinu 1991 hefur Landsvirkjun unnið að skógrækt, í samstarfi við Skógræktarfélag Íslands og Skógræktarfélag Árneseinga, í vestanverðu Búrfelli frá Búrfellsvirkjun að Búrfellsskógi. Stærð þess svæðis sem plantað hefur verið í er um 120 ha, mestmegnis hafa verið gróðursettar birkiplöntur. Áður var þetta svæði mjög rýrt og gróðurvana.



Mynd 5. Búrfellsskógur sunnan við Búrfell.



Mynd 6. Bláa línar sýnir svæði Skógræktarinnar í Þjórsárdal, hvítu línurnar afmarka Hekkluskógaverkefnið. (Heimild: Skógræktin og Landgræðslan).

2.2.2 Landgræðsla

Landgræðslusvæði í Þjórsárdal og nágrenni eru á Hafinu og við Sandafell á Gnúpverjafrétti, í Sámstaðamúla, í hlíðum Búrfells og umhverfis Búrfellsvirkjun, meðfram Þjórsárdalsvegi milli Sandár og Fossár og við Reykholt og Sandártungu. Uppgræðsla hófst í kringum 1960. Fyrstu árin fór uppgræðsla fram með notkun flugvéla þar sem bæði var dreift áburði og sáð grasfræi. Síðustu árin hefur einnig verið unnið að því að loka rofbökkum og jarðvegssárum með heyrúllum, áburði og fræi. Lúpínu hefur verið sáð á Sandártungu en frá upphafi landgræðslu á svæðinu hefur þess verið gætt að nota ekki lúpínu á Hafinu né við Rauðá til að koma í veg fyrir að hún berist í vatnasvið Rauðár og fari að breiða úr sér í Gjánni.

Í dag er Þjórsárdalur að hluta til innan Heklu-skógaverkefnisins og einnig er á Gnúpverjafrétti og Flóa- og Skeiðamannafrétti unnið að uppgræðslu eftir landbóta- og landnýtingaráætlun, er sú uppgræðsla styrkt af Landbótasjóði.

Eldgos í Heklu hafa áhrif á uppgræðslu í Þjórsárdal. Í Heklugosinu árið 1980 myndaðist víða þykkt vikurlag í Þjórsárdal, stöðugt jarðvegsfok átti sér stað sem gerði grasi erfitt uppdráttar. Heklugosið árið 2000 hafði einnig nokkur áhrif á uppgræðslu því miklir vikurskaflar voru í giljum í Sandafelli.




Mynd 7. Unnið að uppgræðslu rofabarða í Þjórsárdal. (Mynd: Sigbrúður Jónsdóttir).

2.3 ÞJÓÐLENDUR

Á vefsíðu Forsætisráðuneytisins er að finna eftirfarandi upplýsingar um þjóðlendur.

„Þjóðlenda tekur til allra landsvæða utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi. Er um að ræða landsvæði sem þjóðin fer með í heild sinni og eru sameiginleg auðlind þjóðarinnar sem forsætisráðherra hefur umsjá með. Með lögum um þjóðlendur (nr. 58/1998) er íslenska ríkið lýst eigandi þessara svæða auk þeirra landsréttinda og hlunninda þar sem aðrir eiga ekki. Gert er ráð fyrir að þjóðlendur séu landsvæði sem nefnd hafa verið nöfnum eins og hálendi, óbyggðir, afréttir og almenningar, allt að því tilskildu að utan eignarlanda sé. Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar sem og forsætisráðuneytisins sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs. Einstaklingar, sveitarfélög eða aðrir lögaðilar geta átt svokölluð takmörkuð eignarréttindi innan þjóðlendna. Þjóðlendulög raska ekki slíkum réttindum. Þannig skulu þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendna sem afrétt fyrir búfénað, eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja, halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Afréttur er landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarþeirrar fyrir búfé. Hið sama gildir um önnur réttindi sem menn færa sönnur á að þeir eigi“.

Í grein Sifjar Guðjónsdóttur, í Morgunblaðinu 2007, kemur fram að þjóðlendur í Þjórsárdal eru tvenns konar. Nyrst og vestast er þjóðlenda sem einnig er afréttur. Búrfells- og Skeljafellssvæðið ásamt landgræðslusvæði í Þjórsárdal er hins vegar þjóðlenda sem ekki er jafnframt afréttur.



Mynd 8. Ljósgræni fláinn sýnir þjóðlendur í Þjórsárdal sem jafnframt eru afréttur. Dökkgræni fláinn er þjóðlenda en ekki afréttur. Rauða línan afmarkar skipulagssvæðið og bláu línurnar eru landamerki.

2.4 GILDANDI AÐALSKIPULAG

Í aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 er stærsti hluti þess svæðis sem rammaskipulagið nær til skilgreindur sem opið svæði til sérstakra nota. Hluti svæðisins er á náttúruminjaskrá og einnig verndað í flokki hverfisverndar. Á svæðinu eru fjallaskálar og reiðleiðir milli þeirra. Búrfells- og Sultartangavirkjanir eru innan svæðisins og einnig háspennulínur og vindrafstöðvar. Þá eru nokkrar námur á svæðinu ásamt fjölbreyttum minjum. Í greinargerð aðalskipulagsins eru sett fram markmið fyrir hina ýmsu landnýtingarflokka. Þeim markmiðum sem snúa að Þjórsárdal eru gerð skil hér aftar, eftir því sem við á, í umfjöllun um hvern landnýtingarflokk.




Mynd 9. Búrfellsvirkjun.

2.4.1 Opin svæði til sérstakra nota

Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með mikið útivistargildi þar sem gert er ráð fyrir mannvirkja-gerð í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð. Helstu útivistarsvæði í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru í tengslum við þéttbýliskjarnana og ferðamannasvæði í Þjórsárdal. Stór hluti Þjórsárdals er skilgreindur sem opið svæði til sérstakra nota í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins (Mynd 10).

Með vaxandi sumarhúsabyggð og ferðamannastraumi er mikilvægt að fjölga möguleikum á útivist og dægradvöl úti í náttúrunni.



Mynd 10. Hluti aðalskipulagsuppráttar Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 sýnir stóran hluta Þjórsárdals sem opið svæði til sérstakra nota. Rauða línan sýnir svæðið sem rammaskipulagið nær yfir.

2.4.2 Efnistöku- og iðnaðarsvæði

Í Þjórsárdal eru þrjú efnistökusvæði ásamt iðnaðarsvæði þar sem eru Búrfells- og Sultartangavirkjanir, ásamt tveimur vindrafstöðvum.

Efnistökusvæði

Eftirfarandi markmið fyrir efnistökusvæði er í Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016:

- Þess verði gætt að efnistaka, í atvinnuskyni sem og til eigin nota, fari ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, t.a.m. ekki á svæðum á náttúruminjaskrá, friðlýstum svæðum og hverfisverndarsvæðum. Forðast skal eftir megni að raska ósnortnum fjallshlíðum og ásum.

Samkvæmt aðalskipulaginu eru þrjú efnistökusvæði innan rammaskipulagssvæðisins. Umfangsmesta efnistakan er vikurnám austan Búrfells, um 140 ha. Námusvæðið er utan eignarlanda austan Búrfells og vestan Þjórsár, samkvæmt sérvinnsluleyfi frá iðnaðarráðuneytinu sem gildir til ársins 2018. Önnur efnistökusvæði eru vikurnáma norðvestan Reykhólts og malarnáma á Gvendareyri.

Iðnaðarsvæði

Eftirfarandi markmið fyrir iðnaðarsvæði er í Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016:

- Stunduð verði áfram orkuvinnsla í sveitarfélaginu í sátt við umhverfið og án þess að ganga á svæði með verndargildi.


Tvö iðnaðarsvæði eru innan þess svæðis sem rammaáætlunin tekur til. Þau taka til Búrfellsvirkjunar og Sultartangavirkjunar ásamt athafnasvæðum þeirra og miðlunarlóns Búrfellsvirkjunar, Bjarnarlóns. Svæðin eru skilgreind sem iðnaðarsvæði í bland við opin svæði til sérstakra nota. Í aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 er gert ráð fyrir að unnið verði rammaskipulag fyrir iðnaðarsvæðin þar sem þau verði afmörkuð nánar. Skammt norðan við Bjarnalón hafa verið byggðar tvær vindraftstöðvar í rannsóknaskyni. Um svæðið liggja einnig nokkrar 66 og 220 kV háspennulínur. Tengja þær virkjanirnar saman og dreifa raforkunni til notenda.



Mynd 12. Bjarnalón er miðlunarlón fyrir Búrfellsvirkjun.



Mynd 11. Háspennulínur liggja til byggðar frá virkjunum á skipulagssvæðinu.



Mynd 13. Iðnaðarsvæði (dökkbrún) virkjanir, háspennulínur (bláar) og efnistökusvæði (ljósbrún) í Þjórsárdal.

2.5 MENNINGARMINJAR

Í skráningu fornleifa felst öflun heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og gagnasöfnum sem gefur til kynna eðli þeirra og gefur yfirlit um menningarminjar á svæðinu. Helstu flokkar heimilda sem stuðst er við eru jarðabækur, túnakort, örnefnaskrár og fornleifaskýrslur.

Í Þjórsárdal er bæði að finna bæjarrústir frá miðöldum og forna varðaða þjóðleið. Sumar bæjarrústirnar eru vart sýnilegar á meðan aðrar eru nokkuð heillegar og veita góða mynd af skipan bæja á þessum tíma. Frá Skriðufelli í Þjórsárdal liggur forn vörðuhólmur þjóðleið um Sprengisand og er búið að finna og endurgera flestar vörðurnar á henni úr Þjórsárdal og norður fyrir Fjórðungskvísl á Sprengisandi.

Eftirfarandi markmið er í Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016:

- Gert er ráð fyrir að vernda helstu menningarminjar í sveitarfélaginu en jafnframt verði fólki gert kleift að njóta þessara verðmæta.

2.5.1 Þjóðminjaverndarsvæði

Þjóðminjalög nr. 107/2001 kveða á um að allar minjar 100 ára og eldri séu fornminjar sbr. 9. gr. laganna. Þar segir einnig að til fornleifa teljist „hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á.“ Allar friðlýstar fornminjar flokkast sem þjóðminjaverndarsvæði.


Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 þá teljast menningarminjar „ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu“. Auk friðlýstra fornminja er fjöldi annarra fornminja á svæðinu sem eru verndaðar í flokki hverfisverndar.

Í rannsókn Rögnvaldar Guðmundssonar frá 2004 kemur fram að Íslendingar hafa mikinn áhuga á samgöngumunum s.s. vörðum og fornum þjóðleiðum. Mikilvægt er að standa vel að varðveislu samgönguminja með því að viðhalda þeim og kynna í sínu náttúrulega umhverfi. Gildir þetta t.d. um vörður, brýr, vöð og kláfa.

2.5.2 Fornleifarannsóknir í Þjórsárdal

Ýmis konar frásagnir eru til um eyðingu bæja á Íslandi fyrr á öldum. Þjórsárdalur er einn af þeim stöðum sem á slíkar sögur. Þjórsárdalur hefur lengi verið viðfangsefni fornleifafræðinga og má rekja upphaf rannsókna á eyðibýggð dalsins til miðrar 19. aldar, þegar Brynjúlfur Jónsson kortlagði fornleifar í dalnum. Hann fann merki um byggð á mörgum stöðum, samdi lýsingar, teiknaði upp grunnmyndir af tóftum og gerði yfirlitskort af horfinni byggð. Brynjúlfur gaf út grein um rannsóknir sínar árið 1883, en hún markar upphaf skipulegra eyðibýlarannsókna á Íslandi. Brynjúlfur kveikti með þessu áhuga annarra fræðimanna á dalnum. Árið 1890 fór hann ásamt Þorsteini Erlingssyni skáldi og ritstjóra sem gerði fyrstu uppgreftina í dalnum og skömmu síðar fylgdi hann Daniel Bruun, fornleifafræðingi frá danska þjóðminjasafninu, á sömu slóðir. Skrif Bruun um örlög dalsins vöktu athygli út fyrir landsteinana. Fleiri rannsóknir á minjunum fylgdu svo í kjölfarið.

Nokkrum völdum minjastöðum eru gerð skil hér aftar. Staðirnir voru valdir því þar eru sýnilegar rústir og vegna góðs aðgengis að þeim. Útlínur þekktra rústa á hverjum stað eru sýndar á loftmynd.



Mynd 14. Minjastaðir (rauðir punktar) og vörðuð leið í Þjórsárdal (litlir dökkir punktar). Nokkrum þessara staða eru gerð skil hér aftar og er gert ráð fyrir að þeir verði aðgengilegir ferðamönnum.

Karlsstaðir

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (II. Bind, bls. 217) sem skrifuð var í byrjun 18. aldar segir að „Kallstader“ hafi verið forn eyðihjáleiga byggð í úthögum fyrir manna minni. Þar sjást tóftir og girðingar en ekki rak menn minni til að búið hafi verið þar. Bæjarstæðið hefur ekki verið rannsakað.



Skallakot

Samkvæmt fornleifarannsóknum þá eru ummerki um að búseta í Skallakoti hafi hafist á 9. eða 10. öld. Sömuleiðis bendir margt til að búseta hafi haldist þar a.m.k. fram á 12. – 13. öld. Rústirnar voru grafnar upp 1939 og mátti greina leifar af skála með víkingaaldarsniði. Mannvirki voru reist í Skallakoti bæði fyrir og eftir að gjóskulagið H-1104 fellur, þó eru vísbendingar um að búseta þar hafi lagst af um tíma á 11.-12. öld en síðan hafist að nýju.



Stórhólshlíð

Stórhólshlíð var rannsökuð af Jouko Voionmaa í samnorrænu verkefni sem unnið var hér á landi sumarið 1939. Hann segir að staðurinn hafi verið nokkuð illa farinn, t.d. hafi ekki verið mögulegt að grafa fram húsið í heild sinni. Erfitt var að aldursgreina bygginguna en hann taldi þó að lögun hússins og tegund benti til þess að það væri í flokki eldri húsa þeirra sem grafin voru upp þetta sumar.

Í Stórhólshlíð er sýnilegt nokkuð af rústum en ryðja þarf burtu skógi til að gera þær aðgengilegar.



Mynd 15. Uppdráttur Jouko Voionmaa af Stórhólshlíð.

Skeljastaðir

Niðurstaða upgrافتar frá árinu 1939 leiddi í ljós að Skeljastaðabærinn hefur staðið öðrum bæjum í dalnum langt að baki. Virðist hann hafa verið byggður upp úr eldri bæ. Þarna hafa staðið fjögur samhliða hús og virtust þau hafa verið reist af handahófi hlið við hlið. Í húsunum voru stakar eldstór í stað langeldar og ekkert búr fannst.

Sagt er að Hjalti Skeggjason, sem þekktur er úr Njálu vegna afskipta við kristnitökuna, hafi búið á Skeljastöðum. Hjalti byggði kirkju á Skeljastöðum. Kirkjugarður var nokkru neðan en bæjarhúsin. Einnig er talið að forndysjar hafi verið um 50 m austur af Skeljastöðum.

Í tilefni af 1100 ára afmæli byggðar á Íslandi árið 1974 þá var ákveðið að byggja svokallaðan Þjóðveldisbæ í nágrenni Skeljastaða. Þjóðveldisbærinn er torfbær og var reynt að líkja sem mest eftir hinum forna bæ á Stöng sem grafinn var upp árið 1939.



Sámsstaðir

Fornleifarannsókn fór fram að Sámsstöðum í Þjórsárdal á árunum 1971-1972. Á Sámsstöðum virðist vera um tvö byggingarstig að ræða. Neðst er skálabygging sem er undir virkurlagi sem talið er vera úr Kötlugosi frá því um árið 1000. Yngri bærinn hefur líklega verið byggður eftir það gos. Bærinn hefur verið um 22 m langur og húsaskipan svipuð og í flestum öðrum bæjum í Þjórsárdal.

Bæjarhúsin eru skáli, stofa, búr og kamar. Austan við skálann er skemma og enn austar fjóstóft með hlöðu. Grjót var notað til húsa-gerðar og einnig er talið að torf og timbur hafi verið notað.

Búið er að gera bæjarrústir Sámsstaða aðgengilegar fyrir ferðamenn og setja þar upp fræðsluskilti.



Mynd 16. Bæjarrústir Sámsstaða eru aðgengilegar fyrir ferðamenn.

Stöng

Við fornleifauppgröft á Stöng árið 1939 fundust 5 mannvirki. Þetta voru íveruhús, útibúr, smiðja, fjós með hlöðu og gerði. Tóft íveruhússins var vel varðveitt og lítið hafði hrunið úr veggjum hennar. Veggirnir voru úr torfi sem hvíldi á undirstöðum úr grjóti. Bæjarhúsið var grafið inn í bakkann sem stendur norðan við húsið. Útibúrið var byggt úr torfi og grjóti. Fjósið var eingöngu hlaðið úr steinum. Voru veggirnir tvíhlaðnir og var mold þjappað milli ytri og innri veggjar. Smiðjan var byggð úr torfi sem lá á steingrunni.

Árin 1983-86 og 1992-94 fóru að nýju fram fornleifarannsóknir á Stöng í Þjórsárdal. Elstu mannvistarleifar sem fundist hafa á Stöng eru eldstæði sem var notað skömmu eftir landnám. Smiðja frá 10. öld hefur verið rannsökuð að hluta til. Hún er forveri smiðjunnar sem fannst á Stöng árið 1939. Eldri skáli er undir íbúðarskálanum sem nú er til sýnis á Stöng.

Ein af þeim rústum sem rannsakaðar hafa verið á Stöng er rúst lítillar torfkirkju með rómönsku lagi frá 11. öld, elstu kirkju sem rannsökuð hefur verið á Íslandi. Eldri kenningar gerðu ráð fyrir því að aðeins ein kirkja hefði verið í Þjórsárdal á fyrri hluta miðalda, þ.e. kirkjan að Skeljastöðum. Rannsókn fór fram



Mynd 17. Húsið á Stöng sem byggt var yfir rústir Stangarbæjarins.

á kirkjugarðinum á Skeljastöðum árið 1939. Frekari rannsóknir leiddu í ljós grafir og kistuleifar í nokkrum grafanna.

Með hjálp geislakolsaldursgreininga er komið í ljós að búseta hefur haldist á Stöng nokkuð fram yfir aldamótin 1200. Samtímis hefur verið sýnt fram á að upphaf byggðar á Stöng hafi verið skömmu eftir að landnámgjósakulagið féll, eða um árið 871. Eldgosið árið 1104 hefur því ekki eytt byggðinni, nema hugsanlega að hluta til, og sama er hægt að segja um eldgos í Heklu árin 1159 og 1206. Ef þessi gos hafa valdið einhverri röskun á búsetu, hefur það aðeins verið til skamms tíma. Endalok byggðar í innsta hluta Þjórsárdals verður að líta á sem afleiðingu fleiri, samtvinnnaðra þátta. Eldgosin léku þar stórt hlutverk, en uppblástur vegna gjósku, áhrif mannsins og húsdýra hans ásamt kólnandi veðurfari hafa einnig átt stóran þátt í að byggðin í Þjórsárdal leið undir lok á fyrri hluta 13. aldar. Fornleifar og gripir þeir sem fundust árið 1939 á Stöng og við síðari rannsóknir sýna einnig, svo ekki er um að villast, að búseta hefur verið á Stöng allt frá landnámsöld fram yfir aldamótin 1200.

Sagan segir að á Stöng hafi Gaukur Trandilsson búið. Hann var bæði auðugur og vel ættaður maður, afkomandi Þorbjarnar laxakarls í þriðja lið og að sögn kappi hinn mesti. Hann hefur að líkindum verið kvennaljómi og hugsanlega átt í ástarævintýri með húsfreyjunni á Steinastöðum. Gaukur var drepinn eftir fyrirsát fóstbróður síns við Gaukshöfða.


Undanfarin ár hefur verið unnið að því að bæta aðgengi að minjum í Þjórsárdal og að miðla upplýsingum um þær. Sumarið 2012 var efnt til hygmyndasamkeppni um tillögur að hönnun ásýndar og umhverfis fornleifa við Stöng. Markmiðið er að færa rústir Stangar í upprunalegt horf og sýna þær rústir sem komu í ljós við uppgröftinn árið 1939. Byggt verður nýtt hús yfir rústirnar til að verja þær gegn veðri og vindi og gera þær aðgengilegri.

2.5.3 Fornar þjóðleiðir

Vörðuð leið yfir Sprengisand liggur frá Skriðufelli í Þjórsárdal um Gnúpverjafrétt, að Sóleyjarhöfðavaði á Þjórsá. Þaðan með Þúfuveri og Eyvindarveri inn á Háumýrar. Þaðan er stefnt í Kiðagil og til byggða í Bárðardal. Leiðin var vörðuð á árunum 1904-6. Búið er að endurreisa og hnitsetja vörður á þessari leið, úr Þjórsárdal og norður fyrir Fjórðungskvísl á Sprengisandi.



Mynd 18. Í Hallslaut. Ein af vörðunum á þjóðleiðinni um Sprengisand.




Mynd 19. Vörðuð þjóðleið yfir Sprengisand. Sýndur er suðurhluti leiðarinnar en þar er búið að endurreisa vörðurnar og hnitsetja þær.

2.6 VERNDARSVÆÐI

Með verndarsvæðum er átt við svæði sem verndarkvaðir hvíla á t.d. vegna náttúruverndar. Innan þess svæðis sem rammaskipulagið tekur til er eitt svæði á náttúruminjaskrá og sama svæði er einnig hverfisverndarsvæði. Eftirfarandi markmið er í Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016:

- Almennt verði stuðlað að verndun helstu náttúrufyrirbæra í sveitarfélaginu en jafnframt verði fólki gert kleift að njóta þessara verðmæta.
- Stuðlað verði að bættu aðgengi að hinum einstöku náttúrufyrirbærum á svæðinu.



Mynd 20. Svæði á náttúruminjaskrá er einnig verndað í flokki hverfisverndar (brúnt skástrikað mynstur).

2.6.1 Náttúruverndarsvæði

Náttúru-minjaskrá er skrá yfir öll friðlýst svæði á Íslandi og mörg önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst. Þau svæði sem eru á náttúru-minjaskrá geta hýst sjaldgæfar tegundir eða tegundir í útrýmingarhættu. Þau geta verið óvenju tegundarík eða viðkvæm fyrir röskun eða að þau eru nauðsyn- leg til að viðhalda sterkum stofni mikilvægra tegunda. Svæðin geta haft vísindalegt-, félagslegt- og efnahagslegt gildi eða gildi af menningarlegum toga. Þau geta einnig verið mikilvæg til að viðhalda náttúrulegum þróunarferlum, haft alþjóðlegt náttúruverndargildi eða verið einkennandi fyrir náttúr- ufar viðkomandi landshluta.

Samkvæmt 37. gr. náttúruverndarlaga njóta ákveðnar jarðmyndanir og vistkerfi sérstakrar verndar og skal forðast að raska þeim eins og kostur er. Þessar landslagsgerðir eru m.a:

- Eldvörp, gervigígar og eldhraun.
- Fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri.

Hluti Þjórsárdals er á náttúruminjaskrá (nr. 731), en þar er svæðinu lýst á eftirfarandi hátt. „Þjórsárdalur, Gjáin og fossar í Fossá. Að vestan fylgja mörkin Fossá ásamt suðausturhlíðum Fossöldu upp fyrir Háafoss og Granna, en þaðan í Sandafell. Frá Sandafelli ræður Rauða mörkunum allt að Fossá og frá

ármótunum 100 m breitt belti sitt hvoru megin Fossár allt niður í Þjórsá. Fagrir fossar á vinsælu útivistarsvæði. Háifoss er talinn næsthæsti foss landsins. Gjáin er sérstætt gljúfur og þar eru athyglisverðar bergmyndanir. Söguminjar“.

2.6.2 Hverfisverndarsvæði

Hverfisvernd felur í sér alhliða vernd sem tekur til náttúruminja, mikilvægustu lindasvæða og fornleifa. Svæði undir hverfisvernd geta einnig haft mikið útivistargildi. Í aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 er sá hluti Þjórsárdals sem er á náttúruminjaskrá skilgreindur sem hverfisverndarsvæði. Ákvæði hverfisverndar eru þau að mannvirkjagerð vegna útivistar og ferðapjónustu er almennt heimil en þau einstöku náttúrufyrirbæri sem gerð er grein fyrir í náttúruminjaskrá, njóti friðunar, þ.e. Fossá og Rauðá, ásamt fossum og nágrenni ána.

Tilgangur með hverfisvernd svæða er að stuðla að jafnvægi milli nýtingar og verndunar. Um hvert hverfisverndarsvæði gilda ákveðnar reglur, sem sveitarstjórn setur, sem kveða nánar á um verndun og skilyrði til uppbyggingar og framkvæmda. Sveitarstjórn tekur mið af ákvæðum hverfisverndar við mat á byggingareyfisumsóknum og við gerð deiliskipulags.

2.7 FERÐAÞJÓNUSTA

Töluverður fjöldi ferðamanna fer um Þjórsárdal og eru staðir eins og Stöng og Gjáin farnir að láta á sjá. Mikilvægt er að bregðast við því sem fyrst og gera varanlegar úrbætur á stígum á þessum stöðum og stýra umferð ferðamanna um þá. Ásamt staðbundnum úrbótum á ofangreindum stöðum er ákjósanlegt að fjölga áfangastöðum og dreifa þannig álagi af ferðamönnum. Hvað varðar nýja ferðamannastaði þá er nauðsynlegt að gera þá þannig úr garði að þeir beri þann fjölda ferðamanna sem heimsækir staðina.

Með því að bjóða upp á þjónustu, upplýsingar og fjölbreytta útivistarmöguleika þá opnast fyrir möguleika á því að fá fólk til að staldra lengur við á svæðinu. Með því verða til viðskiptatækifæri sem geta aukið tekjur og eflt atvinnulíf. Einnig er mikilvægt að hafa það í huga að Þjórsárdalur er á mörkum þess að vera í byggð og á hálendinu. Því er áhugavert að halda í hálendistilfinninguna en jafnframt að byggja upp þjónustuna og ímyndina.

2.7.1 Núverandi þjónustusvæði

Nokkur þjónustusvæði eru í Þjórsárdal þar sem boðið er upp á gistingu í húsi eða tjaldsvæði. Eftirfarandi markmið eru í Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016:

- Lögð verði áhersla á að efla núverandi ferðapjónustustaði. Uppbygging ferðapjónustu á nýjum svæðum er þó litin jákvæðum augum en meta þarf vandlega í hverju tilviki umfang og eðli starfseminnar.
- Að unnið verði markvisst að uppbyggingu ferðapjónustu í sveitarfélaginu í samvinnu við ferðapjónustuaðila, m.a. að auka möguleika til afþreyingar fyrir ferðamenn, orlofsdvalargesti og íbúa sveitarinnar.
- Sérstök áhersla verði lögð á að efla Þjórsárdal sem útivistarsvæði og dvalarstað ferðamanna og að þar rísi upplýsinga- og þjónustumiðstöð.

Hér á eftir fer lýsing á starfsemi þeirra þjónustusvæða sem eru í Þjórsárdal.

Hólaskógur. Í Hólaskógi hafa fjallmenn á Gnúpverjafrétti haft aðstöðu síðan árið 1934. Á staðnum er elsti leitarmannakofi landsins og var hann endurreistur árið 1998. Í Hólaskógi er einnig góð gistiaðstaða í húsi sem tekur um 80 manns. Þar er einnig sauna og góð aðstaða til fundarhalds. Mikil áhersla er lögð á þjónustu við hestamenn á sumrin. Hestagerðið er þrískipt og heysala er á staðnum.



Klettur. Klettur er skáli vestan og innan Reykhólts. Gistipláss er fyrir 20 manns. Í húsinu er rennandi vatn og vatnssalerni, tveggja hellu gasborð með brauðrist og einnig vaskar bæði inni og úti. Þar er því ágætis aðstaða fyrir göngu- og hestahópa.



Mynd: Einar Bjarnason.

Reykholt. Í Reykholti er sundlaug, sem starfsmenn Landsvirkjunar byggðu á meðan Búrfellsvirkjun var í byggingu. Þar eru einnig heitir pottar. Sundlaugin hefur verið opin fyrir almenn- ing á sumrin. Búið er að leggja raflögn að Reykholti, neysluvatn er einnig á staðnum, ásamt heitu vatni.



Mynd: Einar Bjarnason.


Sandártunga. Á Sandártungu er rúmgott og skjólsælt tjald- svæði. Þar er rennandi vatn en ekki rafmagn. Á tjaldsvæðinu er eitthvað af leiktækjum fyrir börn. Fjölbreyttar og góðar gönguleiðir eru allt um kring.



2.7.2 Áhugaverðir staðir

Margir áhugaverðir staðir eru í Þjórsárdal. Eftirfarandi upptal- ing er dæmi um nokkra slíka:

- Stöng. Eftir að bærinn á Stöng hafði verið grafinn upp, árið 1939, var ákveðið að varðveita rústirnar og því byggt yfir þær. Rústirnar eru aðgengilegar gestum og gangandi til að gera sér grein fyrir hóbýlum manna á söguöld.
- Gjáin er stórbrotin náttúrusmíð þar sem eldur og vatn hafa átt þátt í myndun fallelgra jarðmyndana og fossa.
- Hjalparfoss. Blágrýtismyndanir umhverfis fossinn mynda ramma um hvítfyssandi vatnið.
- Háifoss í Fossá er 122 m á hæð og einn af hæstu fossum landsins. Gönguleið er að fossinum frá Stöng og bílvegur frá Hólaskógi. Við hlið Háafoss er annar foss, Granni, sem er nokkru lægri.
- Búrfell er 676 m hátt fjall syðst og austast í Þjórsárdal og er eitt af fjöllum sem ramma inn dalinn. Fremur auðveld gönguleið er upp á fjallið að norðaustanverðu. Sunnan og austan við fjallið er Búrfellsskógur, þar eru skemmtilegir hyljir í lækjarfarvegi.
- Í Ásólfssstaðaskógi eru fjölbreyttir skógarstígar og gott að njóta útivistar. Við Selhöfða hefur verið gerður stígur fyrir hjólastóla. Þar er einnig aðstaða til að grilla.
- Þjóðveldisbærinn var byggður á árunum 1974-77 og var tilraun til að endurreisa stórbýli frá því um 1100. Bærinn var reistur til að minnast 1100 ára búsetu í landinu. Þjóðveldisbærinn var gerður



Mynd 21. Háifoss.

með Stöng sem fyrirmynd en veggir, þak og allir innviðir eru gerðir eftir fyrirmyndum sem þekktar eru frá fornleifarannsóknunum. Árið 2000 var sett upp stafkirkja við Þjóðveldisbæinn. Hún er byggð úr norskum viði og er gjöf frá Norðmönnum í tilefni 1000 ára kristni í landinu.



Mynd 24. Grillaðstaða við Selhöfða.



Mynd 23. Þjófafoss í Þjórsá.



Mynd 22. Búrfell.

3 UMHVERFISSKÝRSLA

3.1 UMHVERFISMAT RAMMSKIPULAGS

Lagt skal mat á umhverfisáhrif einstakra markmiða og ráðgerðra framkvæmda í skipulagsáætlunum, samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og skipulagslögum nr. 123/2010. Samkvæmt skipulagslögum ber að gera grein fyrir umhverfisáhrifum og mismunandi stefnumiðum m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma. Í vinnu við mat á umhverfisáhrifum skal í fyrstu ákveða umfang og áherslur matsins. Horft er á hvaða stefnumið er vert að meta m.t.t. umhverfisáhrifa, en þá eru þau atriði tekin til sérstakrar skoðunar sem talin eru hafa mest áhrif á umhverfið.

Þessir mismunandi valkostir (stefnumið) sem settir eru fram í þessum kafla um rammaskipulag fyrir Þjórsárdal eru metnir og það skoðað hvort þeir hafi í för með sér umtalsverðar breytingar frá núverandi ástandi, þ.e. núll kosti.

„Núll – kostur“

Núll kostur, sbr. 6 gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, felur í sér lýsingu á ástandi umhverfisins eins og búast má við að það þróist ef rammaskipulaginu verður ekki framfylgt.

3.1.1 Umhverfispættir og viðmið

Umhverfispáttur er tiltekinn páttur, s.s. gróðurfar, landslag eða félagslegir þættir, sem talinn er geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem leiðir af þeirri stefnu sem mótuð er í for-athuguninni. Vinsun þessara áhrifapátta er hefðbundin aðferð til að greina þá sem mestu máli skipta. Eftirfarandi umhverfispættir eru þeir sem tekið er tillit til við stefnumatið í rammaáætluninni og taldir geta orðið fyrir verulegum áhrifum af þeim framkvæmdum sem tengjast hverjum kosti.

- Samfélag og byggð. Horft er til hvaða áhrif stefnan hefur á efnahag og atvinnulíf svæðisins sem heildar.
- Náttúrufar. Hvaða áhrif hefur stefnan á landslag og jarðmyndanir, gróðurfar, dýra- og vatnalíf. Þá er horft til hvaða áhrif stefnan muni hafa til langs tíma á umhverfispætti s.s. kolefnisbúskap.
- Heilsa og öryggi. Horft er til hljóðvistar, mengunar á lofti eða vatni og annað það sem áhrif getur haft á heilsufar íbúa. Í þessu sambandi er einnig tekið tillit til útivistar sem er páttur í að bæta heilsufar. Auk þessa er stefnan metin varðandi umferðaröryggi.
- Minjar. Hvaða áhrif stefnan hefur á friðlýstar fornminjar, náttúru- og söguminjar.

Skoðað er hvort sú stefna sem sett er fram hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á þessa umhverfispætti saman borið við núverandi ástand, þ.e. núll kost.

Með hugtakinu umhverfisviðmið er átt við þá mælikvarða sem umhverfisáhrif stefnumiða í rammaáætluninni eru borin saman við, til að geta tekið afstöðu til þess hver áhrif valkostanna séu; æskileg eða óæskileg áhrif, veruleg eða óveruleg áhrif. Eftir skoðun mismunandi viðmiða í umhverfismatinu m.t.t. umhverfispátta og umhverfisverndarmarkmiða, var ákveðið að meta umhverfisáhrif gagnvart stefnu stjórnvalda á landsvísi um sjálfbæra þróun eins og hún hefur verið sett fram í stefnu ríkisstjórnarinnar „*Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi.*“ Stefnumörkun um sjálfbæra þróun var samþykkt í ríkisstjórn árið 2002.

Í ritinu Velferð til framtíðar (áherslur 2006-2009) kemur fram endurskoðuð stefnumörkun stjórnvalda og þar er markmiðum og leiðum að þeim lýst varðandi eftirfarandi þætti:

- I. Heilbrigt og öruggt umhverfi.
- II. Vernd náttúru Íslands.
- III. Sjálfbæra nýtingu auðlinda.
- IV. Hnattræn viðfangsefni.

Hver valkostur var skoðaður út frá jákvæðum og neikvæðum áhrifum á ofangreinda þætti og síðan borin saman við núll-kost (núverandi ástand).

3.1.1 Skilgreining á vægi áhrifa

Áhrif framkvæmdanna á einstaka þætti umhverfisins voru metin og gefin einkunn, m.a. eftir því hvort þau eru talin jákvæð eða neikvæð. Leiðbeiningar Skipulagsstofnunar voru notaðar við flokkun, vægi og viðmið einstakra þátta umhverfisins. Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggja á þremur meginþáttum sem eru:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti skv. fyrirbyggjandi gögnum.

Þau viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og alþjóða skuldbindingar sem lagðar eru til grundvallar við mat á áhrifum rammaáætlunar eru eftirfarandi:

Stefna	Stefnumörkun	Lýsing
Lög	Lög um umhverfismat áætlana. nr. 105/2006	1 gr. Að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlunargerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða.
Lög	Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000	1 gr. Að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar.
Lög	Skipulagslög nr. 123/2010	1. kafli, 1. gr. b-liður. Að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmari nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru- og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
Lög	Þjóðminjalög nr. 107/2001	Þjóðminjalög kveða á um að allar minjar 100 ára og eldri séu fornminjar sbr. 9. gr. laganna. Þar segir einnig að til fornleifa teljist „hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á.
Lög	Lög um menningarminjar nr. 80/2012	Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu.
Lög	Lög um náttúruvernd nr. 44/1999	Mannvirki skulu falla sem best að svipmóti lands. Eftirtalдар jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er: eldvörp, gervigígar og eldhraun, stöðuvötn og tjarnir, mýrar og flóar, fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, sjávarfitjar og leirur. Sérstaða/fágæti landslags út frá vísbendingum í 37. gr. laga um náttúruvernd. Megineinkenni landslags s.s. lítt snortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, form, litauði, fjölbreytni og landslagsheildir.
Stefna stjórnvalda um sjálfbæra þróun	Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi	Taka skal tillit til útivistargildis svæða við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu. Vöxtur verði í ferðaþjónustu á Íslandi og honum mætt með aðgerðum sem komi í veg fyrir skaða á náttúrunni vegna aukinnar umferðar.

Í kafla 3.3 eru bornir saman mismunandi valkostir fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu í Þjórsárdal. Þeir valkostir sem bornir voru saman, voru m.a. valdir út frá þeim hugmyndum sem komu fram á íbúafundi sem haldinn var í Árnesi í maí 2012. Einstök stefnumið voru valin með tilliti til þess hvar búast má við mestum áhrifum á umhverfið og áhrif metin út frá óbreyttu ástand, þ.e. núll kosti.

Umhverfismatið er sett fram í töflum þar sem áhrifin eru metin m.t.t. til umhverfisþátta og útskýring er á niðurstöðunum í texta. Við greiningu á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti er notast við eftirfarandi skilgreiningu:


+	Stefnan hefur jákvæð áhrif.
0	Stefnan hefur óveruleg áhrif
-	Stefnan hefur neikvæð áhrif
?	Stefnan hefur óviss áhrif

Tafla 1. Skilgreining á vægi áhrifa á umhverfisþætti.

3.2 TENGLI VIÐ ÁÆTLANIR

Við gerð umhverfisskýrslu var tekið mið af eftirfarandi áætlunum m.a. til að unnt væri að meta hvort gera þyrfti breytingar á þeim. Einnig var horft til alþjóðlegra samninga og annarra stefnuskjala stjórnsvalda þar sem við á, en þær áætlanir sem um ræðir eru:

- **Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.** Niðurstaða rammaskipulagsins kann að kalla á breytingar á aðalskipulaginu.
- **Náttúruverndaráætlun Alþingis 2009-2013 og Náttúruminjaskrá.** Í náttúruverndaráætlun og Náttúruminjaskrá eru afmörkuð sérstök svæði m.t.t. náttúrufars og mörkuð stefna um verndun. Að mestu leyti byggja þær á greiningu og mati sérfræðinga sem hafa rannsakað náttúrufar landsins og metið verndargildi þess. Við stefnumörkun í rammaskipulaginu hefur verið tekið mið af náttúruverndaráætlun Alþingis til 2013 og Náttúruminjaskrá.
- **Stefnumörkun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi til 2020.** Niðurstaða rammaskipulagsins er í samræmi við stefnumörkun sem sett er fram í riti Umhverfissráðuneytisins, *Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020*.
- **Svæðisskipulag miðhálandis Íslands 2015.** Nyrsti og vestasti hluti rammaskipulagssvæðisins er innan marka svæðisskipulags miðhálandisins. Rammaskipulagið er í samræmi við svæðisskipulagið. Gert er ráð fyrir að svæðisskipulagið verði felld úr gildi þegar ný landsskipulagsstefna tekur gildi.



Mynd 25. Mörk svæðisskipulags miðhálandisins eru sýnd með grænni línu.

3.3 UPPBYGGING Í ÞJÓRSÁRDAL

Nokkrir valkostir fyrir ferðapjónustu og samgöngur í Þjórsárdal komu fram í vinnuferlinu. Líkleg umhverfisáhrif þeirra eru metin hér aftar og matið sett fram í töflum og texta. Þeir valkostir vegna uppbyggingar í Þjórsárdal sem eru skoðaðir eru eftirfarandi:

- Mismunandi staðsetning þjónustu-/upplýsingamiðstöðvar.
- Þjónustu-/upplýsingamiðstöð í Sandártungu.
- Göngubrú yfir Fossá við Hrunið.
- Endurbætur á veginum milli Reykhólts og Stangar.
- Göngu-, hesta-, og reiðhjólubrú yfir Þjórsá í námunda við Þjófafoss.
- Stækkun hverfisverndarsvæðis þannig að það nái yfir alla gervigígana.
- Heilsulind í Reykholti.

Niðurstaða þessa samanburðar er nýtt til að setja fram þær tillögur að uppbyggingu ferðapjónustu sem hafa minnst umhverfisáhrif en styrkja um leið ferðapjónustu á svæðinu. Þessar tillögur eru settar fram í kafla 4.

3.3.1 Þjónustu-/upplýsingamiðstöð

Til að laða ferðamenn að svæðum þurfa upplýsingar um gistingu og afþreyingu á svæðinu að vera aðgengilegar. Með góðri þjónustu stoppa ferðamenn lengur á svæðinu og hægt er að lengja ferðamannatímann. Rætt hefur verið um hvort æskilegt sé að hafa þjónustu-/upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn í Þjórsárdal og ef ekki, þá hvar hún ætti frekar að vera. Á íbúafundi sem haldinn var í Árnesi í maí 2012 komu fram nokkrar hugmyndir að staðsetningu þjónustumiðstöðvar. Þessar hugmyndir eru eftirfarandi:

- Núll kostur – engin þjónustumiðstöð.
- Þjórsárstofa í Árnesi verði nýtt sem upplýsingamiðstöð fyrir Þjórsárdal.
- Byggð verði þjónustumiðstöð í nágrenni við tjaldsvæðið í Sandártungu.
- Byggð verði þjónustumiðstöð við sundlaugina í Reykholti.

Þessir valkostir eru bornir saman í eftirfarandi töflu.

VALKOSTIR	Staðsetning þjónustu-/upplýsingamiðstöðvar			
	Samfélag og byggð	Náttúrufar	Heilsa og öryggi	Minjar
0 kostur - engin miðstöð	Erfitt að fá upplýsingar um gisti- og afþreyingarmöguleika svæðisins. Fjölgar ekki atvinnutækifærum. Æskilegt að þjónusta betur þá ferðamenn sem eru á svæðinu.	Þekktustu svæðin hafa látið á sjá vegna mikillar aðsóknar ferðamanna.	Öryggi ferðamanna verður óbreytt. Hreinlætisaðstaða í Þjórsárdal er ófullnægjandi.	Engin áhrif.
Þjórsárstofa í Árnesi	Fjölgar líklega atvinnutækifærum. Takmarkaður stuðningur við uppbyggingu í Þjórsárdal. Bætir ekki aðstöðu ferðamanna í Þjórsárdal og veitir þeim takmarkaða þjónustu.	Óvíst að ferðamenn fái nægar upplýsingar til að stuðla að dreifingu þeirra um svæðið til að minnka ágang viðkvæmra svæða.	Bætir öryggi þeirra ferðamanna sem afla sér upplýsinga í Þjórsárstofu.	Engin áhrif.
Sandártunga	Er við innganginn að Þjórsárdal. Mjög sýnileg og aðgengileg frá Þjórsárdalsvegi. Þjónustar bæði þá ferðamenn sem eru í Þjórsárdal og þá sem eiga leið hjá. Styður við aðra uppbyggingu í Þjórsárdal og fjölgar atvinnutækifærum. Þjónustar þá sem eru á tjaldsvæðinu og hjólhýsasvæðinu. Göngufjarlægð við margar náttúruperlur.	Góðar og aðgengilegar upplýsingar geta dreift ferðamönnum og dreift þannig ágangi á svæði.	Það bætir alltaf öryggi ferðamanna að fá greinargóðar upplýsingar. Hreinlætisaðstaða er í alfaraleið.	Engin áhrif.

Reykholt	Þjónustar ferðamenn sem koma í Reykholt, styrkir rekstrargrundvöll staðarins. Rafmagn, heitt vatn og neysluvatn er til staðar. Fjölgar atvinnutækifærum. Göngufjarlægð við margar náttúruperlur.	Góðar og aðgengilegar upplýsingar geta dreift ferðamönnum og minnkað þannig ágang á svæðum.	Það bætir alltaf öryggi ferðamanna að fá greinargóðar upplýsingar.	Engin áhrif.
	Of langt frá Þjósárdalsvegi og lítt sýnileg þeim sem leið eiga um dalinn.		Hreinlætisaðstaða ekki í alfaraleið.	

Niðurstaða

Núverandi ástand, þ.e. engin þjónustumiðstöð, veldur því að upplýsingar um þjónustu og afþreyingu eru ekki aðgengilegar á einum stað. Hægt er að þjónusta betur þá ferðamenn sem koma í Þjósárdal og til að draga úr ágangi á vinsælustu stöðunum þá er ein leiðin að dreifa ferðamönnum á fleiri staði á svæðinu. Hreinlætisaðstaða í Þjósárdal er einnig ófullnægjandi.

Þjónustumiðstöð í Árnesi bætir ekki aðstöðu ferðamanna í Þjósárdal og veitir þeim takmarkaða þjónustu. Hún styður heldur ekki við uppbyggingu í dalnum sjálfum. Þá er einnig óvíst hvort ferðamenn fá næga upplýsingar til að það stuðli að dreifingu þeirra um dalinn og minnki þannig ágang viðkvæmra svæða.

Með því að hafa þjónustumiðstöðina í Sandártungu þá er hún við innganginn í Þjósárdal og aðgengileg öllum sem leið eiga hjá. Hún bætir þannig þjónustuna og upplýsingagjöf til ferðamanna og getur stuðlað að dreifingu ferðamanna um dalinn og minnkað þannig ágang á viðkvæmum svæðum. Hún styður við aðra uppbyggingu í dalnum og er í göngufjarlægð við margar náttúruperlur. Þjónustumiðstöð í Sandártungu og tjaldsvæðið sem þar er koma einnig til með að styðja hvort annað, auk þess sem þjónustumiðstöðin kæmi sér vel fyrir hjólhýsasvæðið og þá sem þar dvelja.

Þjónustumiðstöð í Reykholti er of langt frá Þjósárdalsvegi og yrði lítt sýnileg þeim sem leið eiga um dalinn. Hún myndi því einungis þjónusta þá ferðamenn sem koma í Reykholt.

3.3.2 Þjónustu-/upplýsingamiðstöð í Sandártungu

Samkvæmt mati á valkostum fyrir staðsetningu þjónustu-/upplýsingamiðstöðvar þá er Sandártunga heppilegasti staðurinn. Til að leggja mat á hversu mikla þjónustu skuli veita í þjónustumiðstöðinni þá voru bornir saman nokkrir valkostir. Allir valkostirnir gera ráð fyrir að svæðið sé rafvætt.

- Tjaldstæðið verði rekið í núverandi mynd en bætt verði við lítilli upplýsingamiðstöð.
- Tjaldstæðið verði eft og boðið upp á gistingu í smáhýsum ásamt upplýsingamiðstöð.
- Öflugt tjaldsvæði, gisting í húsum, upplýsingamiðstöð, lítil verslun og veitingasala.

Þessir valkostir eru bornir saman í eftirfarandi töflu.

VALKOSTIR	Þjónustu-/upplýsingamiðstöð á Sandártungu			
	Samfélag og byggð	Náttúrufar	Heilsa og öryggi	Minjar
Tjaldsvæði og upplýsingamiðstöð	Bætir upplýsingagjöf til ferðamanna og stuðlar að dreifingu þeirra um svæðið. Bætir þjónustu við ferðamenn. Ferðamönnum fjölga sem og atvinnutækifærum.	Aðgengilegar upplýsingar geta dreift ferðamönnum og minnkað þannig ágang. Fleiri ferðamenn þýðir meira álag á náttúruna.	Það bætir alltaf öryggi ferðamanna að fá greinargóðar upplýsingar. Fjölbreyttir útivistarmöguleikar hvetja til hreyfingar.	Engin áhrif.
	Upplýsingamiðstöð bætir upplýsingagjöf til ferðamanna og stuðlar að dreifingu þeirra um svæðið. Ferðamönnum fjölga sem og atvinnutækifærum. Öflug þjónustumiðstöð bætir aðstöðu ferðamanna til muna. Hún styður við aðra uppbyggingu og atvinnutækifæri í Þjórsárdal og nágrenni hans.	Aðgengilegar upplýsingar geta dreift ferðamönnum og minnkað þannig ágang. Fleiri ferðamenn þýðir meira álag á náttúruna.	Það bætir alltaf öryggi ferðamanna að fá greinargóðar upplýsingar. Fjölbreyttir útivistarmöguleikar hvetja til hreyfingar.	
Öflugt tjaldsvæði, gisting, upplýsingamiðstöð, verslun og veitingar	Líklegt að ferðamenn dvelji lengur á svæðinu.	Fleiri ferðamenn þýðir meira álag á náttúruna.		Engin áhrif.
	Upplýsingamiðstöð bætir upplýsingagjöf til ferðamanna og stuðlar að dreifingu þeirra um svæðið. Ferðamönnum fjölga sem og atvinnutækifærum. Öflug þjónustumiðstöð bætir aðstöðu ferðamanna til muna. Hún styður við aðra uppbyggingu og atvinnutækifæri í Þjórsárdal og nágrenni hans.	Aðgengilegar upplýsingar geta dreift ferðamönnum og minnkað þannig ágang. Fleiri ferðamenn þýðir meira álag á náttúruna.	Það bætir alltaf öryggi ferðamanna að fá greinargóðar upplýsingar. Fjölbreyttir útivistarmöguleikar hvetja til hreyfingar.	

Niðurstaða

Það er hægt að byrja smátt í uppbyggingu þjónustumiðstöðvar í Sandártungu. Síðan er hægt að bæta smám saman við þjónustu og aðstöðu eftir því sem ferðamönnum fjölga og eftirspurn eftir þjónustu eykst. Mikilvægt er að uppbyggingunni sé hagað þannig að hægt sé að hafa tekjur af staðnum frá upphafi með því að selja bæði vörur og þjónustu.

3.3.3 Göngubrá yfir Fossá við Hrunið

Í dag er stikuð gönguleið frá Stöng og inn að Háafossi. Með því að setja göngubrá yfir Fossá við Hrunið þá verður til greiðfær hringleið frá Stöng að Háafossi og síðan í Reykholt eða jafnvel Klett. Hægt er að vaða Fossá við Hrunið en sökum þess hve vatnsmikil áin er þá er það ekki fýsilegur kostur fyrir alla.

Í eftirfarandi töflu eru bornir saman tveir valkostir:

- Núll kostur, eða engin göngubrá.
- Göngubrá yfir Fossá við Hrunið.

Þessir valkostir eru bornir saman í eftirfarandi töflu.

VALKOSTIR	Göngubrá yfir Fossá við Hrunið			
	Samfélag og byggð	Náttúrufar	Heilsa og öryggi	Minjar
0 kostur - engin göngubrá	Engin áhrif.	Dreifir ekki ferðamönnum um Þjórsárdal og minnkar því ekki ágang á önnur svæði.	Öryggi ferðamanna verður óbreytt.	Engin áhrif.
Göngubrá yfir Fossá við Hrunið	Nýr gönguleiðamöguleiki getur fjölgað ferðamönnum og skapað ný atvinnutækifæri. Bætir rekstrargrundvöll ferðaþjónustustaða í nágrenninu því ferðamenn stoppa lengur.	Hjálpar til við að dreifa ferðamönnum um Þjórsárdal og minnkar þannig ágang á önnur svæði.	Hægt að komast örugglega yfir Fossá á þessum stað.	Engin áhrif.

Niðurstaða

Með því að setja göngubrá á Fossá við Hrunið þá verður til greiðfær gönguleið frá Stöng að Háafossi og síðan í Reykholt. Með þessu móti þarf ekki að ganga fram og til baka sömu leiðina og þetta hjálpar til við að dreifa ferðamönnum um Þjórsárdal. Göngubrá bætir öryggi ferðamanna því Fossá er nokkuð vatnsmikil og getur jafnvel verið óvæð.



Mynd 26. Horft upp og niður eftir farvegi Fossár, á móts við Hrunið.

3.3.4 Endurbætur á leiðinni milli Reykholts og Stangar

Vegslóðar liggja frá Þjórsárdalsvegi að Stöng og að Reykholti. Milli þessara tveggja staða er annar slóði og vað á Fossá. Fossá er frekar vatnsmikil á og getur orðið ófær í leysingum og rigningartíð.

Með því að brúa Fossá milli Reykholts og Stangar opnast fólksbílafær hringleið um Þjórsárdal. Í dag er þessi leið fær jeppum um vað á Fossá, nema þegar vatnavextir hamla för. Í töflu hér að neðan eru bornir saman eftirtaldir valkostir:

- Núll kostur, vegir óbreyttir og áfram ekið um vað á Fossá.
- Núverandi vegir að Reykholti og að Stöng endurbættir og gerðir fólksbílafærir.
- Brú á Fossá milli Reykholts og Stangar og fólksbílafærir vegir.

Þessir valkostir eru bornir saman í eftirfarandi töflu.

VALKOSTIR	Endurbætur á leiðinni milli Reykholts og Stangar			
	Samfélag og byggð	Náttúrufar	Heilsa og öryggi	Minjar
0 kostur – vegslóðar og vað á Fossá	Engin áhrif.	Ljót för á bökkum Fossár, hætta á frekari utanvegaakstri.	Hugsanlegt að einhverjir reyni að fara yfir Fossá í vatnavöxtum.	Engin áhrif.
Endurbættir núverandi vegir	Einföld og tiltölulega ódýr framkvæmd sem bætir aðgengi að báðum þessum stöðum.	Engin áhrif þar sem núverandi vegslóðar verða lagfærðir.	Öryggi vegfarenda batnar með betri vegum.	Þarf ekki að hafa áhrif á minjar.
	Gott aðgengi getur eflt ferðaþjónustu.	Dregur út líkum á frekari skemmdum á bökkum Fossár.		
Vegur og brú á Fossá	Opnar nýjan möguleika á hringakstri um Þjórsárdal.	Brúin og varnargarðar við hana verða sýnileg í landinu. Raskar lítt röskuðu landi.	Ferðamenn komast klakklaust yfir Fossá.	Þarf ekki að hafa áhrif á minjar.
	Styttir vegalengdir fyrir þá sem ferðast gangandi eða á reiðhjólí. Gott aðgengi getur eflt ferðaþjónustu.			
	Dýr framkvæmd.			

Niðurstaða

Það hefur áhrif á öryggi ferðamanna að þurfa að fara yfir Fossá á vaði, því ekki eru allir ferðamenn sem kunna að meta hvort áin sé ófær eður ei.

Með því að brúa Fossá milli Reykholts og Stangar verður til hringleið um Þjórsárdal. Þetta er þó dýr framkvæmd sem raskar lítt röskuðu landi auk þess sem brúin og varnargarðar við hana verða mjög sýnilegir í landinu.

Annar möguleiki er að lagfæra vegina að Reykholti og Stöng, frá Þjórsárdalsvegi, og gera þá fólksbílafæra. Þessi framkvæmd er tiltölulega einföld og talsvert ódýrari en brú á Fossá. Þessi framkvæmd hefur lítil eða engin áhrif á náttúrufar þar sem vegslóðar eru fyrir hendi. Hins vegar batnar öryggi ferðamanna talsvert með þessari framkvæmd sem og aðgengi að báðum stöðunum.



Mynd 27. Háifoss í Fossá í vatnavöxtum.

3.3.5 Göngu-, hesta-, og reiðhjólalabú yfir Þjórsá við Þjófafoss

Skammt ofan við Þjófafoss í Þjórsá má koma fyrir brú sem hentar fyrir göngufólk, hestahópa og fólk á reiðhjólum. Sunnan Þjórsár er stikuð gönguleið sem kallast Hellismannaleið. Með göngubré á þessum slóðum tengjast þessi svæði saman. Þeir valkostir sem bornir eru saman eru eftirfarandi:

- Núll kostur, engin göngubré.
- Göngu-, hesta-, og reiðhjólalabú yfir Þjórsá.

Þessir valkostir eru bornir saman í eftirfarandi töflu.

VALKOSTIR	Göngu- og hestabré yfir Þjórsá við Þjófafoss			
	Samfélag og byggð	Náttúrufar	Heilsa og öryggi	Minjar
0 kostur – engin göngubré	Tækifæri til útivistar verða óbreytt.	Engin áhrif.	Engin áhrif.	Engin áhrif.
Göngubré yfir Þjórsá	Opnar ný tækifæri til útivistar sem styrkir ferðaþjónustu beggja vegna ársinnar og getur skapað ný atvinnutækifæri. Bætir aðgengi að Þjófafossi, hægt verður að skoða hann beggja vegna ársinnar.	Raskar lítt snortnu landi.	Fjölbreyttir útivistar-möguleikar bæta andlega og líkamlega líðan fólks.	Þarf ekki að hafa áhrif á minjar.

Niðurstaða

Með því að brúa Þjórsá fyrir göngu-, hesta-, og reiðhjólafólk þá opnast nýr og spennandi möguleiki á tengingu leiða yfir í Landsveit og Fjallabakssvæðið. Þessi framkvæmd kemur til með að styrkja ferðaþjónustu beggja vegna Þjórsár, auk þess sem þetta fjölgar tækifærum til útivistar og getur skapað ný atvinnutækifæri. Ókostur við þessa brú er að hún fjölgar ferðamönnum á landi sem í dag er lítt snortið.



Mynd 29. Þjófafoss í Þjórsá.




Mynd 28. Líklegur staður fyrir göngubré yfir Þjórsá.

3.3.6 Stækkun hverfisverndarsvæðis

Með Fossá, frá Hjalparfossi og norður undir Rauðukamba, er sýnilegt gervígígasvæði sem myndaðist er hraunkvísl úr Tungnaárhraunum rann yfir votlendi eða grunnt vatn í dalbotninum. Gervígígarir ná yfir um 10 km² svæði. Svæðið næst Fossá er á náttúru-minjaskrá og einnig verndað í flokki hverfisverndar. Skv. 37. gr. Náttúruverndarlaga þá njóta gervígígar sérstakrar verndar og skal forðast að raska þeim eins og kostur er. Með því að stækka núverandi hverfisverndarsvæði um 8 km² er hægt að stuðla betur að verndun þeirra og setja ákvæði um hvað má og hvað ekki. Eftirtaldir valkostir eru bornir saman:

- Núll kostur, óbreytt hverfisverndarsvæði.
- Hverfisverndarsvæðið verði stækkað og látið ná yfir alla gervígígana.



Mynd 30. Brúna línurnar sýna núverandi hverfisverndarsvæði og sú bláa stækkun sem næði yfir alla gervígígana.

Þessir valkostir eru bornir saman í eftirfarandi töflu.

VALKOSTIR	Stækkun hverfisverndarsvæðis			
	Samfélag og byggð	Náttúrufar	Heilsa og öryggi	Minjar
0 kostur – óbreytt hverfisvernd	Engin áhrif.	Óvíst hvort stuðlað verði að varðveislu gervígíganna.	Engin áhrif.	Óvíst hvort stuðlað verði að varðveislu gervígíganna.
Stækkun hverfisverndarsvæðis	Stórt samfellt gervígígasvæði getur haft aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Varðveisla gíganna sem heildar eykur á fjölbreytni Þjórsárdals.	Stuðlað verður að varðveislu gervígíganna sem eru sérstakt náttúrufyrirbæri.	Engin áhrif.	Stuðlað verður að varðveislu gervígíganna.

Niðurstaða

Með því að stækka hverfisverndarsvæðið og setja alla gervígígana undir hverfisvernd er verið að tryggja verndun þeirra sem náttúrufyrirbæris. Gervígígar eru sérstakt náttúrufyrirbæri sem er fremur óalgengt og því full ástæða til að vernda þá. Með því að setja þá undir hverfisvernd er hægt að tryggja að ekki verði hróflað við þeim.

3.3.7 Heilsulind í Reykholti

Í Reykholti er heitt og kalt vatn ásamt rafmagni. Til að auka fjölbreytni í ferðaþjónustu og afþreyingu í Þjórsárdal er æskilegt að þar verði byggð upp gistiaðstaða sem býður upp á upplifun sem tengist einkennum staðarins. Til dæmis er mögulegt að nýta heita vatnið í einhvers konar heilsulind, s.s. í heita potta og gufuböð. Jafnvel mætti vera með lítilsháttar matjurtarækt í gróðurhúsum og selja ferðamönnum uppskeruna. Með þessu móti er hægt að laða að fjölbreyttari hóp ferðamanna. Ekki er endilega nauðsynlegt að halda úti sundlaug á staðnum því slík starfsemi kallar á fleira starfsfólk og meiri öryggiskröfur en heitir pottar. Heilsulindin gæti verði opin allt árið ef vegur að Reykholti yrði byggður lítillega upp úr landinu. Þeir valkostir sem bornir eru saman eru eftirfarandi:

- Núll kostur, núverandi aðstaða, sundlaug og búningaáðstaða.
- Byggð verði upp gisting og heilsulind í Reykholti.

Þessir valkostir eru bornir saman í eftirfarandi töflu.

VALKOSTIR	Heilsulind í Reykholti			
	Samfélag og byggð	Náttúrufar	Heilsa og öryggi	Minjar
0 kostur – núverandi aðstaða	Einhverjir ferðamenn leggja leið sína í Reykholt á sumrin. Skapar einhverja atvinnu.	Núverandi mannvirki þarfnast viðhalds og eru ekki til þrýði.	Hreyfing bætir heilsu fólks.	Engin áhrif.
	Lengir ekki ferðamannatímann.			
Gisting og heilsulind	Heilsulind getur laðað að fjölbreyttari hóp ferðamanna. Fjölgar atvinnutækifærum. Getur verið opin allt árið sem lengir ferðamannatímann og styður við aðra ferðaþjónustu.	Ásýnd landsins breytist og eftir því sem byggingar verða fleiri og stærri verða þær sýnilegri.	Ýmis konar hreyfing og heilsu meðferðir geta bætt heilsu og líðan fólks.	Engin áhrif.

Niðurstaða

Í dag leggja einhverjir ferðamenn leið sína í Reykholt. Staðurinn hefur þó látið verulega á sjá undanfarin ár enda ekki alltaf verið í rekstri. Með því að byggja upp einfalda heilsulind með heitum pottum og gufu þá er verið að nýta sérstöðu svæðisins og um leið að laða að fjölbreyttari hóp ferðamanna. Þetta fjölgar svo aftur atvinnutækifærum. Með því að byggja veginn að Reykholti lítillega upp getur staðurinn verið opin stærstan hluta ársins. Þó ásýnd landsins breytist með byggingum þá má vel hugsa sér að byggingar yrðu umvafðar birkiskógi sem nú þegar er talsvert af í Þjórsárdal.



Mynd 31. Núverandi aðstaða í Reykholti.

4 STEFNUMÖRKUN - TILLÖGUR AÐ UPPBYGGINGU

Rammaskipulagið tekur til stefnumörkunar varðandi ferðaþjónustu í Þjórsárdal og hvernig hægt er að tengja hana við svæðisbundin menningarverðmæti. Stefnumörkunin byggir á niðurstöðu umhverfisskýrslunnar hér að framan (kafla 3).

Vegna þess hversu náttúra og saga Þjórsárdals er fjölbreytt má fara ýmsar leiðir í uppbyggingu ferðaþjónustu og höfða til mismunandi markhópa. Viðskiptatækifærin eru fjölbreytileg og takmarkast nær eingöngu af hugmyndaflugi og fjármagni.

4.1 ÞJÓNUSTUSVÆÐI FERÐAMANNA

Til að laða að ferðamenn er mikilvægt að byggja upp þjónustu og afþreyingu í Þjórsárdal fyrir þá og veita áhugaverðar og nauðsynlegar upplýsingar um svæðið.

Markmið:

- Þjónustusvæði verði eflað og þau anní þeim fjölda ferðamanna sem er á svæðinu.
- Stuðla að lengingu ferðamannatímabilsins og um leið bættum rekstrargrundvelli þjónustusvæða.
- Bætt skipulag minnkar átroðning á viðkvæmum svæðum og dreifir álagi.
- Útlit mannvirkja verði vandað og eftir atvikum samræmt á öllu svæðinu.

Leiðir:

- Finna hagkvæma staðsetningu mannvirkja með tilliti til náttúrufars, veðurfars og rekstraröryggis.
- Skipuleggja núverandi þjónustusvæði þannig að þau sinni sem best þörfum ferðamanna og hægt sé að taka á móti fleiri ferðamönnum samhliða minni ágangi á viðkvæm svæði.
- Sjónræn áhrif mannvirkja verði sem minnst eða jákvæðust.
- Gróðurlendi og viðkvæmum svæðum verði hlíf eins og kostur er.
- Gerðar verða kröfur um vandaðan frágang og útlit allra mannvirkja á svæðinu.

Gert er ráð fyrir nokkrum þjónustustöðum í Þjórsárdal þar sem verður gistiaðstaða í húsum. Í Sandártungu er gert ráð fyrir byggð verði þjónustu- og upplýsingamiðstöð fyrir Þjórsárdal, sem er vel staðsett við innganginn í dalinn. Einnig er gert ráð fyrir uppbyggingu í Reykholti og við Skeljastaði. Í eftirfarandi töflu er fjallað um uppbyggingu á hverjum stað fyrir sig:

Þjónustusvæði	Lýsing
Sandártunga	Í Sandártungu er gert ráð fyrir að byggð verði upp alhliða þjónustu- og upplýsingamiðstöð sem þjónar öllum dalnum. Gert er ráð fyrir gistingu, veitingasölu, verslun og öflugum tjaldsvæði ásamt alhliða upplýsingagjöf. Staðurinn geti verið opinn allt árið, eða stærstan hluta þess. Rafvæða þarf svæðið.
Klettur	Á staðnum er einföld gistiaðstaða sem þjónar fyrst og fremst göngu- og hestafólki. Þar er einnig gerði fyrir hesta. Gert er ráð fyrir að staðurinn þjóni þessum markhópum áfram og byggist upp í tengslum við göngu- og hestaferðir. Efla þarf staðinn þannig að grundvöllur sé fyrir því að vera þar með skálavörð yfir sumartímann. Lagfæra þarf veg að staðnum þannig að hann sé greiðfær minni jeppum.
Reykholt	Í Reykholti er gert ráð fyrir að byggist upp heilsulind sem byggir á jarðhitnum þar. Til dæmis er gert ráð fyrir heitum pottum og gufu. Gera þarf ráð fyrir öflugum og góðu tjaldsvæði, gistingu í smáhúsum/húsi og veitingaaðstöðu. Einnig er gert ráð fyrir veiðihúsi fyrir veiðimenn í Fossá. Lagfæra þarf veg að Reykholti þannig að hann sé fólksbílafær stærstan hluta ársins.
Hólaskógur	Á staðnum er gistiaðstaða með rafmagni og rennandi vatni, þrjú hólfr fyrir hesta, sauna og góð aðstaða til fundarhalda. Möguleiki á því að bjóða upp á veitingar. Staðurinn hefur góða tengingu við Þjórsárdalsveg.
Stöng	Gert er ráð fyrir endurbótum á minjasvæðinu og að stuðlað verði að varðveislu minjanna með nýrri byggingu. Bæta þarf stíga við Stöng og setja upp snyrtiaðstöðu, einnig þarf að

	gera ráð fyrir aðstöðu fyrir starfsmann. Lagfæra þarf veg að Stöng þannig að hann sé fólksbílafær stærstan hluta ársins.
Skeljastaðir	Til að dagleiðir fyrir gangandi fólk séu hæfilega langar er nauðsynlegt að bjóða upp á gisti- aðstöðu í nágrenni við Þjóðveldisbæinn eða Búrfellsvirkjun. Ef byggt verður upp nálægt Þjóðveldisbænum er mikilvægt að byggingar séu í sama stíl og bærinn sjálfur.

4.2 SAMGÖNGUR

Samgöngur á svæðinu skiptast upp í vegi, reiðleiðir, gönguleiðir og reiðhjólaleiðir. Þjósárdalsvegur liggur eftir endilöngum Þjósárdal og er hann með bundnu slitlagi. Aðrir vegir eru niðurgrafnir slóðar sem þarfnast lagfæringar ef byggja á upp frekari ferðabjónustu í dalnum og lengja ferðamannatímann. Afþreying og útivist er mikilvæg á stað eins og Þjósárdal, en svæðið býður upp á mjög fjölbreytta möguleika í þeim efnum. Möguleiki er á gönguferðum á milli gististaða og vinsæl reiðleið er í gegnum dalinn inn í Hólaskóg og þaðan eru opnar leiðir til ýmissa staða. Ferðalög á reiðhjólum hafa einnig verið vaxandi. Gerð er grein fyrir meginleiðum í texta og á skipulagsupprætti, gönguleiðir, reiðleiðir og reiðhjólaleiðir eru einnig sýndar á skýringaruppráttum.

Markmið:

- Uppbygging samgangna stuðli að jafnræði ferðamáta, án þess að draga úr upplifun ferðamanna.
- Vegir að þjónustustöðum og áhugaverðum stöðum verði lagfærðir og opnir stærstan hluta ársins.
- Göngu- og reiðleiðir taki mið af náttúru svæðisins.

Leiðir:

- Leitað verði hagkvæmustu lausna í vegagerð til að stuðla að umferðar- og rekstraröryggi og til að efla ferðabjónustu.
- Skilgreindar verði göngu-, reið-, og reiðhjólaleiðir að áhugaverðum stöðum og á milli áningarstaða.
- Megin göngu- og reiðleiðir verði stikaðar eða varðaðar.
- Ferðamenn valdi sem minnstum spjöllum á gróðurlendi, sögu- og náttúruminum.
- Göngu- og reiðleiðir verði sem mest aðgreindar frá akandi umferð.
- Á nokkrum reiðleiðum verður ekki heimilt að vera með hrossarekstur.
- Settar verði brýr fyrir göngu-, hesta-, og reiðhjólafólk til að bæta aðgengi að áhugaverðum stöðum og fjölga útivistarmöguleikum.
- Bættar verði merkingar að áhugaverðum stöðum.

4.2.1 Vegir og slóðar

Aðalleiðin í gegn um Þjósárdal er Þjósárdalsvegur nr. 32 sem kemur inn í dalinn við Gaukshöfða og liggur eftir Þjósárdal um Bringu, Ásólfstaðanes, Sandártungu, yfir Vikrana, yfir Fossá að Skeljafelli og þar upp að Bjarnalóni um Hafið og yfir brú á Þjósá og tengist Landvegi nr. 26. Vegurinn er uppbyggður og malbikaður. Af Þjósárdalsvegi liggja vegir og slóðar að núverandi þjónustusvæðum og ferðamannastöðum.

Í eftirfarandi töflu er fjallað um helstu vegi og slóða í Þjósárdal og hvaða lagfæringar þarf að gera á þeim til að þeir geti verið opnir stærstan hluta ársins.

Vegir	Lýsing
Þjósárdalsvegur nr. 32	Uppbyggður vegur með bundnu slitlagi. Er fær allt árið.
Vegur að þjónustumiðstöð í Sandártungu	Byggja þarf veginn upp þannig að snjó festi síður á honum og hann sé fólksbílafær allt árið.
Vegur að Reykholti	Til að hægt sé að efla þjónustu í Reykholti þarf að byggja veginn lítillega upp úr landinu

	Þannig að hann sé fær öllum bílum stærstan hluta ársins.
Vegur að Kletti	Slóði að gististað á göngu- og reiðleiðum. Þarfnast ofaníbúðar þannig að hann sé greiðfær öllum jeppum frá því snemma á vorin og þar til hann lokast vegna snjóá.
Vegur að Hjálparfossi	Vegur að áhugaverðri náttúruverlu. Byggja þarf veginn lítillega upp úr landinu þannig að hann sé fær öllum bílum stærstan hluta ársins.
Vegur að Búrfellsvirkjun	Uppbyggður vegur með bundnu slitlagi. Er fær allt árið.
Vegur að Þjóðveldisbæ	Uppbyggður vegur með bundnu slitlagi. Er fær allt árið.
Vegur að Þjófafossi	Slóði sem liggur til suðurs frá Búrfellsvirkjun að Þjófafossi og Búrfellsskógi. Gera þarf veginn greiðfæran öllum jeppum. Bera þarf ofna í hann á stöku stað og e.t.v. setja ræsi í lækjarfarveg skammt sunnan Búrfellsvirkjunar.
Vegur að Stöng	Vegslóði sem liggur af Þjórsárdalsvegi að Stöng. Vegurinn er niðurgraffinn, grófur og á honum er brött brekka yfir klettanef. Byggja þarf veginn upp úr landinu og gera hann greiðfæran fyrir fólksbíla allt árið.
Vegur að Hólaskógi og Háafossi	Vegurinn hefur verið lítillega byggður upp að Hólaskógi en oft á tíðum er mikill vatnságangur norðan hans. Vegur að Háafossi er grófur. Gera þarf endurbætur á veginum þannig að hann verði fólksbílafær að Háafossi, sem stærstan hluta ársins.

4.2.2 Brýr fyrir göngu-, hesta-, og reiðhjólafólk

Tvær göngubrýr eru á gönguleiðum í Þjórsárdal. Önnur er yfir Sandá í Sandártungu og er hún tekin upp á haustin. Hin brúin er yfir Sandá við Selhöfða og er hönnuð með hreyfihamlaða í huga. Gert er ráð fyrir nokkrum brúm til viðbótar til að opna möguleika á nýjum leiðum eða tengingu milli leiða sem fyrir eru. Í eftirfarandi töflu eru taldar upp hugmyndir að nýjum brúm:

Nýjar brýr	Lýsing
Sandártunga	Göngubrú er á Sandá í Sandártungu yfir sumartímann en tekin upp á haustin. Gert er ráð fyrir að byggð verði varanleg göngubrú skammt austar og nær fyrirhugaðri þjónustumiðstöð. Göngubrúin bætir aðgengi að gönguleiðum í Ásólfstaðaskógi.
Fossá við Hrunið	Til að búa til örugga hringleið fyrir göngufólk frá Stöng að Háafossi og Reykholti þá er gert ráð fyrir að byggð verði göngubrú yfir Fossá við Hrunið.
Þjórsá austan við Þjófafoss	Gert er ráð fyrir brú yfir Þjórsá skammt austan við Þjófafoss. Brúin tengir saman leiðir í Þjórsárdal og Hellismannaleið, ásamt öðrum leiðum á Fjallabakssvæðinu. Gert er ráð fyrir að brúin verði fyrir göngufólk, hestamenn og reiðhjól.

4.2.3 Gönguleiðir

Gönguleiðir í Þjórsárdal voru kortlagðar og er nú til gagnabanki yfir leiðir á svæðinu til afnota fyrir sveitarfélagið og aðra hagsmunaaðila. Gert er ráð fyrir að helstu leiðir séu stikaðar og að leiðarlýsing og gps-ferlar verði aðgengilegir á netinu, t.d. á heimasíðu sveitarfélagsins. Á grunni þessarar kortlagningar verður hægt að fara út í framkvæmdir við leiðirnar, s.s. að stika þær og merkja. Gert er ráð fyrir að helstu leiðir verði stikaðar og með prílum yfir girðingar og brúm yfir stærstu ár og læk. Tilvalið er að nota efni úr skóginum í stikur og göngubrýr. Góð vegtenging þarf að vera að upphafi gönguleiða. Þar verði bílastæði og upplýsingar um leiðirnar.

Gönguleiðir eru sýndar á uppdráttum en staðsetning þeirra er í einhverjum tilfellum ónákvæm.



Mynd 32. Hægt er að nýta trjágreinar sem stikur.

Gönguleiðirnar eru flokkaðar í eftirfarandi flokka:

- Lengri gönguleiðir/megin leiðir, >10 km.
- Styttri gönguleiðir, 1-10 km.
- Útsýnsleiðir eða léttar fjallgöngur.
- Stígar fyrir hreyfihamlaða.
- Gönguleiðir að forn- eða söguminjum.

Lengri gönguleiðir, >10 km

Lengri gönguleiðir eru um eða yfir 10 km langar. Þær liggja á milli þjónustustaða í Þjórsárdal og tengjast einnig öðrum leiðum í nágrenninu s.s. vörðuðu leiðinni um Sprengisand. Með því að setja göngubrú á Þjórsá austan við Þjófafoss þá opnast tenging við Hellismannaleið. Æskilegt er að vera með gönguleið á milli Reykhólts og Stangar en sú leið kallar á göngubrú á Fossá. Skoða þarf betur hvort og þá hvernig er hægt að brúa Fossá á þessum slóðum. Lengri gönguleiðir í Þjórsárdal eru eftirtaldar:



Mynd 33. Trjágreinir nýttar til að afmarka göngu- og reiðleið.

Lengri gönguleiðir >10 km	
Gönguleið	Lýsing
Fossnes-Sandártunga	Leið frá Fossnesi á Hestfjallahnjúk, um Ásólfstaðaskóg að þjónustumiðstöð í Sandártungu. Leiðin er um 19 km.
Sandártunga-Klettur	Leið frá þjónustumiðstöð í Sandártungu, um Selfit og Þrengsli að fjallaskálanum Kletti. Leiðin er um 10 km.
Klettur-Hallarmúli	Gengið er frá fjallaskálanum Kletti með Grjótá, norður fyrir Kistu að fjallaskálanum Hallarmúla. Leiðin er um 8 km. Frá Hallarmúla er t.d. hægt að ganga með Stóru-Laxá til byggða.
Klettur-Reykholt	Gengið er frá fjallaskálanum Kletti til austurs að Reykholti. Leiðin er um 5 km.
Reykholt-Hólaskógur	Gengið er frá Reykholti austan við Rauðukamba, yfir Fossá við Hrunið og að Háafossi. Þaðan er farið um Karnesing og Stangarfell að fjallaskálanum Hólaskógi. Leiðin er um 14 km.
Hólaskógur-Gljúfur-leit	Frá Hólaskógi er gengið eftir vörðuðu leiðinni um Sprengisand upp með Þjórsá að fjallaskála í Gljúfurleit. Leiðin er um 23 km.
Hólaskógur-Ferjukot	Gengið er frá Hólaskógi eftir vörðuðu leiðinni um Sprengisand á Sandafell. Þaðan er farið yfir lokumannvirki Sultartangalóns og eftir Sultartanga að ferjustaðnum Haldi á Tungnaá og að fjallaskálanum Ferjukoti. Leiðin er um 16 km.
Hólaskógur-Stöng-Þjóðveldisbær	Gönguleið frá Hólaskógi, eftir vörðuðu leiðinni um Sprengisand, gegnum Gjána að Stöng. Þaðan er farið að rústum Steinastaða, yfir Skeljafell og að Þjóðveldisbænum. Leiðin er um 11 km.
Þjóðveldisbær-Rjúpnaveilir	Frá Þjóðveldisbænum er gengið fram hjá Búrfellsvirkjun og vestan við Búrfell að Þjófafossi. Þar er farið austur undir Bjarnalæk og yfir nýja göngubrú á Þjórsá. Sunnan Þjórsár tengist leiðin Hellismannaleið og er henni fylgt að Rjúpnaveillum. Leiðin er um 15 km.
Þjóðveldisbær-þjónustumiðstöð Sandártungu	Farið er frá Þjóðveldisbænum að Hjálparfossi og þaðan eftir línuvegi yfir Vikrana að þjónustumiðstöð við Sandártungu. Leiðin er um 9 km.
Sandártunga-Reykholt	Gönguleið frá Sandártungu að Reykholti. Leiðin fylgir reiðleiðinni og er um 10 km löng.




Steinsholt sf

Stytttri gönguleiðir (1-10 km)

Styttir gönguleiðir liggja frá þjónustustöðum um áhugaverð svæði í nágrenni þeirra. Leiðirnar eru taldar upp í eftirfarandi töflu:

Stytttri gönguleiðir 1-10 km	
Gönguleið	Lýsing
Ásólfstaðaskógur	Frá þjónustumiðstöð í Sandártungu um Ásólfstaðaskóg og Skriðufell eru nokkrar mis langar gönguleiðir. Gengið er um skógarstíga og er lengd leiðanna frá 3 til 12 km.
Grjótárfoss	Frá fjallaskálanum Kletti er um 2 km leið að Grjótárfossi í Grjótá.
Rauðukambar	Frá Reykholti er um 8 km hringleið um Rauðukamba. Rauðukambar eru úr líparíti og afar litskrúðugir.
Háifoss	Frá Stöng er um 8 km gönguleið með Stangarfelli að Háafossi.
Gjáin	Frá Stöng er rúmlega 2 km hringleið í Gjána.
Frá Stöng að Þjóðveldisbæ	Frá Stöng er leið að rústum Steinastaða, síðan eftir vörðuðu leiðinni að Fossá og með Fossá að Þjórsárdalsvegi og þaðan að Þjóðveldisbænum. Leiðin er um 8 km.




Mynd 36. Stytttri gönguleiðir í Þjórsárdal.

Gönguleiðir að forn- eða söguminjum

Áhugavert er að nýta hluta þeirra fjölmörgu rústa sem eru í Þjórsárdal sem áhugaverða staði á styttri gönguleiðum. Í eftirfarnadi töflu eru taldir upp nokkrir möguleikar á slíkum minjastígum.

Gönguleiðir að forn- eða söguminjum	
Gönguleið	Lýsing
Karlsstaðir, Stórhólshlíð og Skallakot	Frá Þjónustumiðstöð í Sandártungu er hringleið að rústum Karlsstaða, Stórhólshlíð og Skallakots. Öll leiðin er um 9 km. Hægt er að stytta leiðina með því að ganga fram og til baka að einum minjastað.
Leið frá Reykholti	Frá Reykholti er möguleiki á um 10 km hringleið að minjum við Reykholt, Bergólfsstaði, Ás og Fagraskóg.
Leið frá Kletti	Um 3 km leið frá Kletti að tveimur minjastöðum.
Steinastaðir	Um 3 km leið fram og til baka frá Stöng að rústum Steinastaða.
Lepparstaðir og Fossárdals-rúst	Leið frá Stöng að rústum Lepparstaða og Fossárdals-rúst. Öll leiðin er um 10 km fram og til baka.
Skeljastaðir	Frá Þjóðveldisbænum er stutt leið að rústum Skeljastaða.
Sámsstaðir	Rústir bæjarins Sámsstaða eru skammt sunnan Búrfellsvirkjunar. Hægt er að leggja bílum rétt hjá rústunum og þaðan er stigur að rústunum og upplýsingaskilti. Minjarnar hafa verið grafnar upp að einhverju leyti og þannig gerðar sýnilegar.




Mynd 37. Gönguleiðir að forn- eða söguminjum. Grænu punktarnir eru vörður á leiðinni um Sprengisand.

Útsýnisleiðir/fjallgöngur

Í Þjórsárdal eru nokkur fjöll sem áhugavert er að ganga á. Af sumum þeirra sést vel yfir dalinn en af öðrum sést vítt og breytt um nágrennið. Helstu útsýnisfjöll í Þjórsárdal eru eftirtalin:

Gönguleiðir á helstu fjöll	
Gönguleið	Lýsing
Búrfell	Búrfell er 676 m.y.s. Gengið er upp að norðaustanverðu og er leiðin um 4 km. Farið er yfir brú austan Bjarnalóns og gegnið á fjallið eftir vegslóða.
Skeljafell	Skeljafell er 414 m.y.s. Hægt er að ganga á það hvort sem er frá Þjóðveldisbænum eða Stöng. Öll leiðin er tæpir 6 km.
Stangarfell	Stangarfell er 451 m.y.s. og upp á það eru um 4,5 km frá Stöng.
Reykholt	Reykholt er um 300 m.y.s. og stendur stakt fyrir miðjum Þjórsárdal. Tæplega 2 km leið er á Reykholt.
Fossalda	Fossalda er 602 m.y.s. Gengið er frá Reykholti um Rauðukamba á ölduna og er leiðin um 6 km.
Dímon	Dímon er 255 m.y.s. og er norðaustan við Selfit, um 2 km leið er á Dímon frá göngubru yfir Sandá við Selfit.
Skriðufell	Skriðufell er 340 m.y.s. Gengið er frá Þjónustumiðstöð í Sandártungu. Leiðin er tæpir 3 km.
Hestfjalla-hnjúkur	Hestfjallahnjúkur er 633 m.y.s. Gengið er frá Þjónustumiðstöð í Sandártungu. Leiðin er um 9 km.
Hagafjall	Hagafjall er um 460 m.y.s. Gengið er frá Þjónustumiðstöð í Sandártungu. Leiðin er rúmir 7 km.



Mynd 38. Gönguleiðir á helstu fjöll í Þjórsárdal og nágrenni hans.

Stígur fyrir hreyfihamlaða

Á Gvendarrana og Selfit hefur verið unnið að lagningu skógarstíga sem eru sérstaklega hannaðir fyrir hreyfihamlaða. Þessi stígur er um 2 km langur. Gerð hefur verið göngubrú yfir Sandá við Selfit og byggð snyrtiaðstaða ásamt bálhúsi.

Vel má hugsa sér að þessi stígur, eða annar sambærilegur, verði útfærður sem n.k. heilsustígur þannig að meðfram honum séu æfingastöðvar sem samanstanda af æfingum sem reyna á mismunandi vöðvahópa, annað hvort vöðvaþol eða styrk. Stígar í líkingu við þennan njóta vaxandi vinsælda hjá þeim sem stunda líkamsrækt.



Mynd 40. Glæsileg göngubrú og stígur fyrir hreyfihamlaða á Selfit.



Mynd 39. Stígur fyrir hreyfihamlaða á Selfit.

4.2.4 Reiðleiðir


Það er veruleg aukning á því hjá hestamönnum að taka hross á kerru og ríða út á afmörkuðum svæðum og dvelja jafnvel nokkra daga og vera ekki með rekstur heldur taum hesta. Síðan eru farnar leiðir út frá þessum stað og jafnvel geyma menn hesta í hólum og keyra til baka í gistinguna. Eða fara á milli staða, þá þarf að hafa góð hól og/eða heysölu á áningarstöðunum. Svo eru þessar klassísku hestaferðir þar sem verið er með rekstur og farið á milli gististaða með trúss. Slíkir hópar þurfa líka áningarhólf, hey og jafnvel leiðsögumann, það er mjög líklegt að það sé óþægður akur í því að þjónusta slíka hópa.

Helstu reiðleiðir auk áningarhólfa eru sýndar á skipulagsupprætti og þær taldar upp í töflu. Reiðleiðir eru flokkaðar eftir því hvort heimilt er að fara þær með hrossarekstur eða eingöngu taumhesta.

Nauðsynlegt er að fjölga áningarhólum fyrir hestahópa. Þessi hól þyrftu t.d. að vera við bílastæði við Gjána og við bílastæði við Háafoss og Hjálparfoss, svo hestamenn geti staldrað við og skoðað fossana. Ekki er þörf á stórum hólum fyrir slík stopp.

Í eftirfarandi töflu eru taldar upp reiðleiðir í Þjórsárdal. Heimilt er að fara með hrossarekstur eftir leiðunum, nema annað sé tekið fram.

Reiðleiðir	
Reiðleið	Lýsing
Vikrar	Frá Sandártungu eftir línuvegi um vikrana að Hjálparfossi, um 7 km.
Búrfell	Leið frá Hjálparfossi að Búrfellsvirkjun, vestan Búrfells og yfir nýja göngu- og hestabru á Þjórsá austan við Þjófafoss. Tengist þar reiðleiðum í Landsveit.
Vörðuð leið	Frá Sandártungu er ríðið um Hallslaut og með Sandá þar til komið er á vörðuðu leiðina um Sprengisand. Henni er fylgt að Stöng og áfram eftir vegslóða að Gjánni og í Hólaskóg. Lengd er um 18 km. Frá Hólaskógi er hægt að fylgja vörðuðu leiðinni áfram inn á Gnúpverjafrétt, eða fara austur fyrir Þjórsá á brú við Sultartangavirkjun.
Línuvegur	Frá Hólaskógi er ríðið eftir svokölluðum Línuvegi í Hallarmúla.
Fossnes-Klettur	Frá bænum Fossnesi er ríðið með þverá og hjá Sniðhólum í Klett.
Klettur – Stöng	Frá Kletti er reiðleið í Reykholt og áfram yfir vað á Fossá og að Stöng.
Ásólfstaða-skógur	Ýmsir möguleikar eru á hringleiðum í Ásólfstaðaskógi eða tengingar á milli meginleiðanna. Þessar leiðir er einungis heimilt að fara með taumhesta þar sem hluti stíganna er jafnframt göngu- eða reiðhjólaleiðir.
Rauðukambar	Frá Reykholti er leið um Rauðukamba, vestan Fossöldu á Línuveginn.




Mynd 41. Reiðleiðir í Þjórsárdal og nágrenni. Rekstrarleiðir eru bláar og leiðir fyrir taumhesta rauðar.

4.2.5 Reiðhjólaleiðir

Reiðhjólaleiðir má finna víða og má þar benda á vegslóða sem margir eru færir reiðhjólum. Erfitt er að hafa reiðhjólástíga og reiðstíga samsíða, þar sem hross eru oft óstjórnlega hrædd við slík tæki. Sumstaðar er þó erfitt að aðskilja leiðirnar og er því þörf á tillitsemi af allra hálfu. Reiðhjólaleiðir eru taldar upp í eftirfarandi töflu og sýndar á skýringarupprætti. Ekki eru þó sýndar leiðir eftir helstu akvegum og slóðum.

Reiðhjólaleiðir	
Hjólaleið	Lýsing
Vikrar	Frá Sandártungu væri hægt að hjóla til austurs eftir línuveginum, yfir Vikrana meðfram Þjórsá, að Fossá og upp með henni, fram hjá Hjalparfossi og á Þjórsárdalsveg.
Bjarnalón	Hringur, eftir vegi nr. 32 upp á Samsstaðamúla kring um Bjarnalón og eftir slóða sunnan Samsstaðamúla að Búrfellsvirkjun.
Hafið	Hjólað er eftir línuveginum frá Bjarnalóni um Hafið og í Hólaskóg.
Línuvegur	Hjólað eftir línuveginum frá Hólaskógi og t.d. í Hallarmúla eða með Grjótá í Klett og Reykholt.
Vestan Búrfells	Hjólað frá Búrfellsvirkjun eftir vegslóða vestan Búrfells og yfir fyrirhugaða brú yfir Þjórsá austan við Þjófafoss.
Ásólfstaðaskógur	Tvær hringleiðir eru um Ásólfstaðaskóg.



Mynd 42. Rauðu línurnar sýna reiðhjólaleiðir í Þjórsárdal.

4.3 VERNDARSVÆÐI

Hverfisvernd felur í sér alhliða vernd sem tekur til náttúruminja, landslags og fornleifa. Hluti skipulagssvæðisins er á náttúruminjaskrá (kaflí 2.6.1) og er einnig verndað í flokki hverfisverndar. Í Þjórsárdal er einnig fjöldi fornminja sem eru verndaðar í flokki hverfisverndar.

Markmið:

- **Stuðlað verði að varðveislu sögu-, náttúru- og menningarminja og annarra umhverfislegra gæða.**
- **Merkir minja- og sögustaðir verði merktir og gerðir aðgengilegir, fornar leiðir verði endurvaktar.**

Leiðir:

- *Unnið verði að lagfæringu/viðhaldi á völdum minjum, t.d. fornum bæjarstæðum.*
- *Markvisst verði reynt að vernda náttúru- og menningarminjar á svæðinu m.a. með merkingu þeirra og aukinni fræðslu og upplýsingagjöf til ferðamanna.*

4.3.1 Hverfisvernd

Í aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps kemur fram að megin tilgangur hverfisverndar í Þjórsárdal sé að vernda náttúruminjar og búsetuminjar í samspili við landslagsheildir og náttúrufyrirbæri sem eru hluti af heildstæðu útivistarsvæði.

Mannvirkjagerð vegna útivistar og ferðaþjónustu er almennt heimil. Stuðlað verði að bættu aðgengi að hinum einstöku náttúrufyrirbærum á svæðinu.

Gert er ráð fyrir að hverfisverndarsvæðið við Fossá verði stækkað um ca 8 km² og látið ná yfir gervígígasvæðið í nágrenninu. Á svæðinu þarf að koma í veg fyrir að lúpína nái að skjóta rótum og breiða úr sér. Einnig þarf að huga að því að planta ekki trjáum of nálægt gígum.

Hverfisverndarsvæðið er einnig stækkað lítillega við Gjána þannig að Gjáin sé öll innan þess, áður fylgdu mörkin Rauðá.

HVERFISVERNDARSVÆÐI

Um hverfisverndarsvæði gilda sérstök ákvæði sem sveitarstjórn setur, s.s. um verndun menningarsögulegra minja, náttúruminja eða trjágróðurs, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.

4.3.2 Fornminjar

Gert er ráð fyrir að sem flestar minjar um bæjarstæði/búsetu verði merktar með nafni. Huga þarf að varðveislu minja þannig að ferðamenn geti skoðað þær og notið án þess að valda skemmdum á minjum. Hugsanlega þarf að girða einhverjar minjar af. Þessi atriði þarf að skoða á hverjum stað í samráði við Minjavernd. Til að minjarnar séu áhugaverðar þarf að greina frá því hvers eðlis þær eru og segja sögu þeirra. Það er hægt að gera á skilti á hverjum stað, með myndum og uppdrætti eða að setja sömu upplýsingar fram á tölvutæku formi, t.d. sem „app“. Þó minjar séu ekki sýnilegar á einhverjum stöðum getur saga bæjarins/búsetunnar verið áhugaverð. Eins er áhugavert að sjá hversu mörg býli voru í Þjórsárdal.



Mynd 43. Birki er að færa rústir Stórhólslíðar á kaf.

Búið er að gera rústir Samsstaða aðgengilegar og setja upp upplýsingaskilti sem segir frá þeim. Við Stöng er gert ráð fyrir að byggt verði yfir bæjarrústir skv. niðurstöðu úr samkeppni.

Byrja ætti að huga að varðveislu og kynningu á þeim minjum sem eru næst þjónustustöðum í Þjórsárdal. Þetta eru t.d. Skeljastaðir, Steinastaðir, Reykholt, Stórhólslíð, Skallakot og Karlsstaðir. Einnig væri áhugavert að gera rústum Stórhólslíðar svipuð skil og gert var við rústir Samsstaða. Í Stórhólslíð virðast vera rústir nokkurra bygginga og eru þær vel greinanlegar. Birkiskógur hefur tekið sér bólfestu í og umhverfis rústirnar og er mikilvægt að hann verði fjarlægður áður en rætur hans valda skemmdum.

5 ÁHRIF Á GILDANDI SKIPULAG

Landnotkun í Þjórsárdal skv. Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 er sýnd á sveitarfélagsuppdrætti í mkv. 1:50.000, (Mynd 10). Gert er ráð fyrir að gerðar verði breytingar á aðalskipulagi við næstu endurskoðun þess. Helstu frávík frá gildandi aðalskipulagi eru eftirfandi:

- Gert er ráð fyrir nýjum verslunar- og þjónustustöðum við 1) Þjóðveldisbæinn/Skeljastaði og 2) í Reykholti.
- Hverfisverndarsvæði stækki þannig að það nái yfir gervigígana beggja vegna Fossár og einnig yfir Gjána.
- Skilgreint er heilstætt göngu- og reiðstígakerfi í Þjórsárdal. Gert er ráð fyrir að megin stígar verði auðkenndir í aðalskipulagi. Ennfremur verði gert ráð fyrir nýjum göngubrúum yfir Fossá innst í Fossárdal og yfir Þjórsá ofan við Þjófafoss, sunnan Búrfells.
- Helstu reiðhjólaleiðir verði skilgreindar.
- Grunnlandnotkun í Þjórsárdal verði opið óbyggt svæði í stað opins svæðis til sérstakra nota.
- Þjóðminjaverndarsvæðum fjölga nokkuð frá gildandi aðalskipulagi.

Svæðisskipulag miðhálendis Íslands 2015 nær yfir hluta skipulagssvæðisins í Þjórsárdal. Rammaskipulagið hefur ekki áhrif á svæðisskipulagið.

6 SAMANTEKT

Þjórsárdalur hefur mjög margt til að bera sem útivistar- og ferðamannasvæði, sem hægt er að nýta allt árið. Dalurinn er að mestu ofan byggðar og er hluti af jaðri hálendisins.

Gert er ráð fyrir að stuðla að frekari uppbyggingu ferðaþjónustu í dalnum og styrkja þá þjónustu og upplifunarmöguleika sem fyrir eru. Skipulagið gerir ráð fyrir nokkrum þjónustustöðum ferðamanna í Þjórsárdal þar sem verður gistiaðstaða í húsum, en í dag eru eingöngu gistiskálar í Hólaskógi og við Klett. Í Sandártungu er gert ráð fyrir að byggð verði þjónustu- og upplýsingamiðstöð fyrir Þjórsárdal, sem er vel staðsett við innganginn í dalinn. Þar er t.d. hægt að dvelja í nokkra daga og njóta útivistar og fjölbreyttra gönguleiða. Frá Sandártungu eru hæfilegar dagleiðir í Reykholt og/eða Klett. Reykholt er vel staðsett miðsvæðis í dalnum og þar er gert ráð fyrir aðstöðu sem nýtir jarðhitann, - bæði til upphitunar og baða. Þaðan liggja leiðir „til allra átta“, - hvort sem menn eru ríðandi, gangandi eða hjólandi.

Ennfremur er gert ráð fyrir að í námunda við Þjóðveldisbæinn verði byggð gistiaðstaða sem kennd yrði við fornbýlið Skeljastaði. Upplagt er að gistiaðstaða á þessum stað sé skv. gamalli byggingarhefð og með skírskotun til Þjóðveldisbæjarins. Skeljastaðir er mikilvægur áningarstaður í alfaraleið þar sem mögulegt er að reka gistipjónustu með samlegðaráhrifum með Þjóðveldisbænum.

Í Þjórsárdal er fjöldi merkra fornminja. Gert er ráð fyrir að rústir Stórhólshlíðar verði gerðar sýnilegar og þær nýttar í þágu ferðaþjónustu. Á Stöng hefur þegar verið ákveðið að byggja yfir bæjarrústirnar í samræmi við niðurstöðu samkeppni.

Þá verði búið í haginn fyrir hvers konar útivist í Þjórsárdal með heildstæðu neti göngu- hjóla- og reiðleiða. Dalurinn er sérlega áhugaverður sem gönguland og hafa nokkrar leiðir þegar verið stikaðar. Þjórsárdalur verði valkostur fyrir gönguhópa sem kjósa að ganga í 3-5 daga á milli gististaða í áhugaverðu umhverfi. Sama gildir fyrir þá sem kjósa að hjóla eða fara um á hestum.

Skógrækt og landgræðsla verður áfram í Þjórsárdal en skógrækt á vegum Skógræktarinnar og Heklu-skógaverkefnisins hefur þegar sett mark sitt á dalinn. Kjörið er að nýta afurðir skógarins í þágu útivistar, s.s. í brúargerð, skilti og stikur. Skógræktin hefur búið í haginn fyrir útivistarfólk með stígagerð um landið.

7 HEIMILDIR

Ágúst Guðmundsson 1996. *Ofan Hreppafjalla milli Hvítár og Þjórsár í Árnessýslu*. Árbók Ferðafélags Íslands 1996. Bls. 75-114.

Ágúst Guðmundsson, Elsa G. Vilmundardóttir, Snorri P. Snorrason 1983. *Jarðfræðikort*. Orkustofnun, Vatnsorkudeild – Landsvirkjun.

Eva Kristín Dal 2008. *Byggingarlag fyrri tíma. Vegghleðslur miðalda*. Hugvísindasvið HÍ. 48 bls.

Friðþór Sófus Sigurmundsson 2011. *Hnignun skóg- og kjarrlendis í Þjórsárdal frá 1587 til 1938 og ástæður hennar*. Líf- og Umhverfissvísindadeild HÍ. 38 bls.

Hekluskógar 2012. [Hekluskogar.is](http://hekluskogar.is) *Upplýsingar um verkefnið*.

Landslag ehf 2006. *Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016*. 92 bls.

Landsvirkjun 2012. <http://www.landsvirkjun.is/umhverfismal/vistheimt/thjorsa/>

Minjavernd Suðurlands 2013. *Hnit og útlínur rústa í Þjórsárdal*.

Rögnvaldur Guðmundsson maí 2004. *Íslendingar hálendisvegir, vegagerð og umferðaröryggi*. Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf. 44. bls.

Sagnagrunnur 2012. <http://sagnagrunnur.razorch.com/index.php?target=myth&id=365>

Sif Guðjónsdóttir 2007. *Hvar eru þjóðlendur?* <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1125547/>

Skógrækt ríkisins 2012 [Skogur.is](http://skogur.is). *Saga skógræktar í Þjórsárdal*.

Steffen Stummann Hansen og Orri Vésteinsson eds. 2002. *Archaeological investigations in Þjórsárdalur 2001*. Fornleifastofnun Íslands FS181-00041. 34 bls.

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson 2012. <http://fornleifur.blog.is/blog/fornleifur/entry/1243380/>

Wikipedia 2012. Wikipedia.org *Ágrip af sögu Þjórsárdals*.

Þjóðveldisbær 2012. www.thjodveldisbaer.is

Þjórsárstofa 2012. Thjorsarstofa.is *Ýmsar upplýsingar um Þjórsárdal*.